

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Nýsköpun heimilisstarfanna

*Umræða um tæknivæðingu heimilisstarfa í kvennablöðunum
Melkorku og Húsfreyjunni á árunum 1944–1955*

Ritgerð til B.A.-prófs

Harpa Rún Ásmundsdóttir

Kt.: 120292-2429

Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir

September 2017

Ágrip

Í kjölfar rafvæðingar Íslands á fyrri hluta 20. aldar urðu miklar breytingar á íslensku samfélagi og höfðu þær ekki síst áhrif á heimilin í landinu. Með tilkomu rafmagns, véla og tækja hófst innreið heimilistækja á íslensk heimili, sem orsakaði mikla breytingu á starfsvettvangi kvenna þar sem tæknin létti þeim störfin og sparaði tíma.

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir viðhorfum íslenskra kvenna til aukinnar tækni við heimilisstörf og varpa ljósi á breytta stöðu kvenna í samfélagi sem reiddi sig sífellt meira á vélar og tæki. Til skoðunar verða tvö kvennablöð þar sem birtust greinar eftir íslenskar konur, sem meðal annars fjalla um áhrif aukinnar tækni við heimilisstörf á líf og starf íslenskra húsmæðra. Blöðin sem um ræðir eru annars vegar *Melkorka*, sem hóf göngu sína vorið 1944 og gefin var út af sósíalískum konum, og hins vegar *Húsfreyjan*, sem gefin var út af Kvenfélagasambandi Íslands og kom fyrst út í byrjun árs 1950. Tímabilið sem tekið verður til skoðunar nær frá upphafi útgáfu *Melkorku* 1944 og spannar áratuginn þar á eftir, fram til ársins 1955.

Segja má að kvennablöðin tvö hafi verið fulltrúar tveggja ólíkra viðhorfa, sem tókust á í íslenskri kvenréttindabaráttu á árunum milli stríða. *Melkorka* var fulltrúi róttækra viðhorfa, lituð af baráttumálum sósíalista og lagði áherslu á kvenfrelsi og jafnrétti. *Húsfreyjan* var aftur á móti íhaldssamari og lagði áherslu á að efla húsmæðrafræðslu og heimilisiðnað í landinu. Það er því áhugavert að bera blöðin saman og sjá hvað er líkt og hvað ólíkt í umræðu þeirra um heimilistæki og áhrif þeirra á líf og starf kvenna á fyrsta áratugnum eftir síðari heimsstyrjöld.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	1
Inngangur.....	3
1. Sögulegt baksvið	6
1.1. Samfélagslegar breytingar á 20. öld.....	6
1.2. Efnahagslíf eftirstriðsáranna	7
1.3. Samfélagsleg staða kvenna	8
1.4. Heimilistæki ryðja sér til rúms	11
2. Heimilistæki í kvennablöðum.....	14
2.1. <i>Melkorka</i> og <i>Húsfreyjan</i>	14
2.2. Umfjöllun um heimilistæki	15
3. Konur í nýjum heimi	18
3.1. Minna strit og aukin þægindi	18
3.2. Konan og nýsköpunin	21
3.3. Hvernig verður konum tryggður aðgangur að tækjunum?.....	26
3.4. Betri staða í sósíalísku þjóðfélagi?.....	30
4. Heimilistæki fyrir alla.....	32
4.1. Tolla og höft þarf að afnema	32
4.2. Lausnin fólgin í samvinnuþvottahúsum?	36
4.3. Samvinnuþvottahús í raun.....	39
Niðurstöður.....	42
Heimildaskrá.....	45

Inngangur

Á fyrri hluta 20. aldar hófst rafvæðing Íslands, en hún átti eftir að hafa í för með sér miklar breytingar fyrir íslenskt samfélag. Í kjölfar rafvæðingarinnar kynntust Íslendingar ýmis konar nýjungum og raftækjum. Má þar meðal annars nefna rafknúin heimilistæki, sem fyrst ruddu sér rúms hér á landi um 1930 og urðu íslenskum heimilum aðgengilegri eftir því sem leið á öldina. Auðvelt er að gera sér í hugarlund hve mikil bylting það hefur verið fyrir húsmæður að fá aðgang að tækjum, sem létu þeim heimilisstörfin og spöruðu tíma. En hvaða viðhorf og væntingar höfðu íslenskar konur til tækjanna þegar útbreiðsla þeirra hófst fyrir alvöru um og eftir síðari heimsstyrjöld? Höfðu tækin aðeins áhrif á störf kvenna innan heimilanna, eða voru þau forsenda þess að konur gætu sótt út á vinnumarkaðinn?

Til þess að svara þessum spurningum verður hér til skoðunar umræða tveggja kvennablaða um aukna tækni við heimilisstörf á fyrsta áratugnum eftir síðari heimsstyrjöld, frá 1944–1955. Blöðin eru annars vegar *Melkorka*, sem gefin var út af sósíalískum konum og hóf göngu sína vorið 1944 og hins vegar *Húsfreyjan*, sem gefin var út af Kvenfélagasambandi Íslands og kom fyrst út í byrjun árs 1950. Tímabilið sem hér er tekið fyrir miðast því við upphaf útgáfu *Melkorku* og fyrsta áratuginn þar á eftir, sem var tímabil mikilla tækninýjunga og framfara. Greinarhöfundar blaðanna höfðu skýrar hugmyndir um þá möguleika sem þær töldu aukna tækni hafa í för með sér fyrir íslenskar húsmæður, heimili og samfélagið í heild sinni. Þau henta því vel til að greina viðhorf og væntingar kvenna til tækninnar á fyrsta áratugnum eftir stríð.

Til þess að greina viðhorf blaðanna tveggja og varpa ljósi á breytta samfélagslega stöðu kvenna með tilkomu tækninnar verða notaðar kenningar kvenna- og kynjasögu. Líkt og sagnfræðingurinn Sigríður Matthíasdóttir hefur bent á snúast slíkar rannsóknir um að útskýra „samspil milli almennrar sögulegrar þróunar, þjóðfélagslegrar stöðu kynjanna og samfélagslegra hugmynda um karlmennsku og kvenleika“.¹ Hér verður innreið tækninnar á íslensk heimili skoðuð út frá sjónarhorni kvenna- og kynjasögu. Til athugunar verða þau áhrif sem aukin tækni við heimilisstörf hafði á þjóðfélagsstöðu kvenna. Gerðu greinarhöfundar *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* sér vonir um að aukið aðgengi kvenna að heimilistækjum myndi breyta þjóðfélagslegri stöðu þeirra? Hafði félagsleg staða kvenna áhrif á aðgengi þeirra að tækjunum á fyrstu árunum eftir stríð? Að auki verða til hliðsjónar rannsóknir fræðimanna, sem fjallað hafa um stöðu kvenna um miðja 20. öld. Má þar helst

¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 28–29.

nefna íslensku sagnfræðingana Sigríði Matthíasdóttur og Sigríði Th. Erlendsdóttur, auk norska sagnfræðingsins Gro Hagemann.

Í íslenskri kvenna- og kynjasögu hefur fremur lítið verið fjallað um fimmta og sjötta áratug 20. aldar, að frátöldum rannsóknum á „ástandi“ hernámsáranna 1940–1945.² Af rannsóknum sem varpa ljósi á stöðu kvenna á þessu tímabili má helst nefna skrif Sigríðar Th. Erlendsdóttur, bók hennar *Veröld sem ég vil*, sem fjallar um sögu Kvenréttindafélags Íslands, og grein hennar um Önnu Sigurðardóttur, stofnanda Kvennasögusafn Íslands.³ Þar að auki má nefna doktorsritgerð Dagnýjar Kristjánsdóttur, sem fjallar um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur, lokaritgerð Margrétar Helgadóttur til MA-prófs þar sem hún greinir frá gullöld húsmæðra á árunum 1945–1965. Þá má einnig nefna BA-ritgerðir Önnu Drafnar Ágústsdóttur um húsmæðrahugmyndafræðina og tímaritið *Melkorku* á árunum 1944–1962 og Þóru Ágústsdóttur, sem fjallaði um sókn kvenna út á vinnumarkaðinn á árunum 1950–1970.⁴

Að sama skapi hefur sáralítið verið fjallað um áhrif rafknúinna heimilistækja á líf íslenskra kvenna, að undanskildum nokkrum greinum og ritgerðum, sem fjalla um málið að hluta. Sumarliði R. Ísleifsson fjallaði lítillega um innreið rafmagnstækja á íslensk heimili í bók sinni um Rafmagnsveitu Reykjavíkur.⁵ Einnig má nefna grein Sigrúnar Pálsdóttur um áhrif haftasamfélags eftirstríðsáranna á húsmæður og BA-ritgerð Óskars Baldurssonar þar sem hann fjallar um rafvæðingu Íslands og þróun rafmagnsheimilisins á árunum 1920–1960.⁶

Ritgerðinni er skipt í fjóra kafla. Í þeim fyrsta verður farið yfir sögulegt baksvið og fjallað um þær breytingar sem urðu á íslensku samfélagi á fyrri hluta 20. aldar og áhrif þeirra á íslensk heimili. Einnig verður gerð grein fyrir efnahags- og stjórnmálaástandi landsins í kjölfar síðari heimsstyrjaldar. Loks verður farið yfir samfélagslega stöðu kvenna um miðja öldina og grein gerð fyrir rafvæðingu Íslands og innreið tækninnar á íslensk heimili.

Í öðrum kafla verða kvennablöðin tvö, *Melkorka* og *Húsfreyjan*, kynnt til sögunnar og gerð stuttlega grein fyrir helstu markmiðum þeirra, áherslum og umfjöllunarefnum.

² Sjá t.d. Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð“; Herdís Helgadóttir, „Konur í hersetnu landi“.

³ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*; Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Anna Sigurðardóttir“.

⁴ *Lbs.-Hbs.* Anna Dröfn Ágústsdóttir, Frjálsar konur; Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*; *Lbs.-Hbs.* Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra; *Lbs.-Hbs.* Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útvinna?.

⁵ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*.

⁶ *Lbs.-Hbs.* Óskar Baldursson, Rafmagnsheimilið; Sigrún Pálsdóttir, „Húsmæður og haftasamfélag“.

Kynntar verða til leiks þær konur, sem mest fór fyrir í umræðu um heimilistæki á tímabilinu, og farið yfir hvernig ólíkar áherslur blaðanna tveggja birtust í umfjöllun þeirra um aukna tækni við heimilisstörfin.

Í þriðja kafla hefst efnisleg úrvinnsla og verður áhersla lögð á að skoða viðhorf greinarhöfunda *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* til stöðu kvenna í breyttu þjóðfélagi. Fyrst verða til skoðunar viðhorf blaðanna til húsmóðurhlutverksins og starfa kvenna innan heimilanna og hvernig þau sáu fyrir sér að hlutverk kvenna myndu breytast með aukinni tækni og sérhæfingu. Því næst verður fjallað um þátttöku, eða þátttökuleysi, kvenna í nýsköpun íslenskra atvinnuvega, sem átti sér stað á árunum 1944–1947. Þá verður fjallað um áhrifaleysi kvenna í málefnum sem snertu þær sjálfar og störf þeirra innan heimilanna. Að lokum verður fjallað um umræðu hinnar sósíalísku *Melkorku* um stöðu kvenna í sósíalísku samfélagi, þá sér í lagi Sovétríkjunum.

Í síðasta kafla ritgerðarinnar verður fjallað um aðgengi kvenna að heimilistækjum á tímabilinu. Fyrst verður fjallað um umræðu blaðanna tveggja um tolla og innflutningshöft og hvernig þau höfðu áhrif á innreið heimilistækja inn á heimilin. Þá verður fjallað um tillögur *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* um samnýtingu tækninnar, sem fólst einna helst í stofnun samvinnuþvottahúsa eða sameiginlegum kaupum á heimilistækjum. Að lokum verður fjallað um starfrækslu samvinnuþvottahúsa í Reykjavík og á landsbyggðinni og fjallað um það hvernig þau reyndust íslenskum húsmæðrum.

1. Sögulegt baksvið

1.1. Samfélagslegar breytingar á 20. öld

Fyrri helmingur 20. aldar, þ.e. frá aldamótunum 1900 og fram yfir síðari heimsstyrjöld, er eitt mesta breytingaskeið í sögu Íslands. Með vaxandi iðn- og tæknivæðingu var hið gamla bændasamfélag á undanhaldi og þróaðist hratt í átt til nútímaþjóðfélags með vaxandi verkaskiptingu og borgaralegum atvinnuvegum. Þessar þjóðfélagsbreytingar höfðu áhrif á allar hliðar samfélagsins, meðal annars á búsetu, lífshætti og efnahag landsmanna. Líkt og fræðimenn hafa bent á var helsti hvati þessara breytinga ásókn Íslendinga í búsetu í þéttbýli og vinnu við sjávarútveg. Á fyrstu fjórum áratugum aldarinnar fjölgaði Íslendingum um rúm 56%, úr 78 þúsund í 122 þúsund, og kom sú fjölgun að mestu leyti fram í þeim bæjum landsins sem stærstir voru fyrir.⁷ Reykjavík ásamt úthverfum stækkaði mikið á þessum árum og hafði höfuðstaðurinn algjöra sérstöðu því þar voru „langbest skilyrði til að ganga í margvísleg störf, skiptast á skoðunum og bindast samtökum“.⁸ Þar fjölgaði íbúum um 33 þúsund á fyrrnefndu tímabili og bjó þar tæplega þriðjungur landsmanna árið 1940.⁹

Ásamt því að hafa mikil áhrif á búsetu landsmanna, hafði iðn- og tæknivæðingin ekki síður áhrif á samfélagslega stöðu heimilanna. Með vaxandi þéttbýli, aukinni verkaskiptingu og vélvæðingu tóku störf að færast í auknum mæli út af heimilunum og drógu úr mikilvægi þeirra sem framleiðslueiningar. Í stað þess að framleiða þær vörur, sem þurfti til að framfleyta fjölskyldunni, urðu heimilin að neyslueiningu, sem keypti vörur sem framleiddar voru utan þeirra.¹⁰ Þar að auki átti sú þróun sér stað á Íslandi og annars staðar í Evrópu að sífellt erfiðara reyndist að fá aðstoð við heimilisstörf þar sem konur sóttu frekar í framleiðslu- og verslunarstörf, heldur en þjónustustörf inni á heimilum.¹¹

⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 188–189; Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 48–49.

⁸ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 11.

⁹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 188.

¹⁰ Tilly og Scott, *Women, Work, and Family*, bls. 63.

¹¹ Allen, *Women in the Twentieth Century*, bls. 85; Tilly og Scott, *Women, Work, and Family*, bls. 153; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 15–17.

1.2. Efnahagslíf eftirstríðsáranna

Á því tímabili sem hér er til skoðunar var innflutningur lengst af háður höftum og voru háir tollar lagðir á innfluttar vörur. Heimilistæki voru þar ekki undanskilin og er því nauðsynlegt að gera í stuttu máli grein fyrir efnahags- og stjórn málaástandi þessara ára.

Síðari heimsstyrjöldin markaði tímamót í sögu Íslands og olli mikilli uppsveiflu í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Hernám Breta og síðar Bandaríkjamanna hafði gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag sökum þess að atvinnuleysi, sem hafði verið þrálátt frá upphafi kreppunnar miklu árið 1930, var að mestu leyti kveðið niður þar sem fjöldi Íslendinga tók að starfa fyrir setuliðið. Aðstæður í sjávarútvegi voru Íslendingum einnig hliðhollar á stríðsárunum, en þá opnuðust nýir markaðir og afurðaverð hækkaði. Erlent setulið og góður markaður fyrir íslenska vöru erlendis gerði það að verkum að erlendum gjaldeyrir safnaðist upp í landinu á stríðsárunum. Skömmu fyrir stríðslok, í árslok 1944, var gjaldeyrisforði íslenska ríkisins orðinn um 580 milljónir, sem nam meira en tveggja ára útflutningstekjum ríkisins.¹²

Í október 1944 tók ný ríkisstjórn við völdum og var eitt helsta stefnumál þeirrar stjórnar að hefja stórvirka nýsköpun í atvinnulífi þjóðarinnar og því fékk stjórnin fljótt nafnið *Nýsköpunarstjórnin*. Ríkisstjórnin vildi verja um helmingi gjaldeyrisforða Íslendinga til fjárfestingar í nýjum framleiðslutækjum til að efla atvinnuvegi landsins, einkum sjávarútveg og landbúnað. Markmið þessara aðgerða var að tryggja að allir landsmenn gætu haft atvinnu við sem arðbærastan rekstur og koma í veg fyrir að breyttar aðstæður í stríðslok kæmu til með að grafa skyndilega undan lífskjörum í landinu. Af þeim 580 milljónum sem Íslendingar áttu í erlendum gjaldeyri voru 300 milljónir færðar yfir á sérstakan nýsköpunarreikning sem nota átti til fjárfestinga og framkvæmda.¹³ Velmegun stríðsáranna hélt áfram fyrstu árin eftir stríðslok því þá var næg atvinna í boði og framfarahugur mikill. Gjaldreyrissjóður Íslendinga minnkaði þó hratt og fór svo að hann var uppurinn sumarið 1947, aðeins tveimur árum eftir stríðslok.¹⁴

Stjórnarskipti urðu í febrúar 1947 og tók ný ríkisstjórn við völdum. Hún tók við afar erfiðu búi þar sem lítið var eftir af gjaldeyrisinnistæðum þjóðarinnar. Á sama tíma

¹² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 220–222 og 224–225; Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 74.

¹³ Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904–1964 II*, bls. 715–716; Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 84–86.

¹⁴ Einar Laxnes og Pétur Hrafn Árnason, *Íslandssaga A–Ö*, bls. 373–375.

jókst atvinnuleysi vegna aflabrests í síldveiðum landsmanna og þar að auki voru nýsköpunartogararnir, sem voru stór hluti fjárfestinga nýsköpunarstjórnarinnar, ekki komnir til landsins. Til að bregðast við yfirvofandi gjaldeyrisskorti innleiddi ríkisstjórnin innflutningshöft og einn róttækasta hafta- og áætlunarbúskap í sögu þjóðarinnar. Stjórnin dró stórlega úr innflutningi ýmissa nauðsynjavara auk þess að taka upp víðtæka vöruskömmun. Þrátt fyrir aðgerðir stjórnarinnar var gjaldeyrisskortur tilfinnanlegur í landinu fram til 1950.¹⁵

Upp úr stjórnarsamstarfinu slitnaði árið 1949 og tók því ný stjórn við völdum í mars 1950. Eitt fyrsta verk hennar var að fella gengi íslensku krónunnar um 43% og slaka á verðlags- og innflutningshöftum. Gengisfellingin bar ekki þann árangur sem stjórnin hafði vonast eftir og voru næstu ár þjóðarþúinu erfið. Gripið var til svipaðra lausna og áður og er sjötti áratugurinn því talinn til sama haftatímabils og áratugirnir á undan.¹⁶

Vöruskortur, höft og tollar settu því svip sinn á mannlíf og umræðu Íslendinga stærstan hluta þess tímabils sem hér er til skoðunar. Velmegun var mikil fyrstu þrjú árin, frá 1944–1947, en eftir það gætti vöruskorts og innflutningshafta allt til loka tímabilsins.

1.3. Samfélagsleg staða kvenna

Ein þeirra stórfelldu breytinga sem urðu á fyrri hluta 20. aldar er þjóðfélagsleg staða kvenna, sem tók miklum breytingum á tímabilinu. Undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. var mikill kraftur í íslenskri kvannahreyfingu og öðluðust konur ýmis réttindi sem þær höfðu ekki áður, svo sem kosningarétt og kjörgengi ásamt réttindum til að afla sér menntunar og gegna embættum.¹⁷ Þrátt fyrir að dregið hafi verið úr lagalegu misrétti kynjanna á þessum árum voru kynin langt frá því að standa jöfn og má færa rök fyrir því að þjóðfélagsleg staða kvenna hafi að einhverju leyti verið takmarkaðri þegar komið var fram á miðja öldina. Eins og Sigríður Matthíasdóttir hefur bent á jókst aðgreining milli opinbers lífs og einkalífs samfara lýðræðisþróun, iðn- og nútímavæðingu á fyrri hluta 20.

¹⁵ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 262–266; Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 91–93.

¹⁶ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 272–274.

¹⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 185–187; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 17–19.

aldar. Konur urðu þá einangraðri inni á einkasviðinu á meðan karlarnir sóttu út á hið opinbera.¹⁸

Á árunum milli stríða spruttu upp deilur í íslenskri kvennahreyfingu þar sem tvö andstæð sjónarmið tókust á um æskileg hlutverk kvenna í samfélaginu. Annað sjónarmiðið, sem kennt er við húsmæðrastefnu, lagði áherslu á að varðveita skyldi þjóðernisleg hlutverk kvenna; að sinna heimili og börnum ásamt því að hlúa að þjóðlegum siðum. Þeir sem aðhylltust þessa stefnu töldu hlutverk kvenna fyrst og fremst falið í að sinna húsmóðurhlutverki og heimilisstörfum og því ætti að leggja áherslu á að mennta konur til þeirra starfa.¹⁹ Sömu viðhorf til hlutverks kvenna voru vinsæl annars staðar í Vestur-Evrópu á sama tíma. Þær Gro Hagemann og Hege Roll-Hansen hafa bent á sams konar þróun í Noregi þar sem nútímavæðing olli því að samfélagslegt hlutverk kvenna var skilgreint á nýjan hátt og launalausri vinnu kvenna innan veggja heimilisins gert hátt undir höfði. Segja má að hugmyndin um kvenleika hafi verið gerð að andstæðu vinnu utan heimilis og var áhersla lögð á að mennta konur til húsmóðurhlutverks og heimilisstarfa fremur en til starfa utan heimilis.²⁰

Andstæðingar húsmæðrastefnunnar töldu hins vegar að konum ættu að standa allar dyr opnar, að þær ættu að hafa tækifæri til að mennta sig og velja sér starfsframa til jafns við karla. Húsmæðrastefnan blómstraði á árunum milli stríða, húsmæðraskólar voru stofnaðir um land allt og naut hugmyndafræði stefnunnar sífellt meiri vinsælda meðal landsmanna, bæði kvenna og karla.²¹ Færa má rök fyrir því að hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar hafi orðið ofan á á millistríðsárunum þar sem fjöldi kvenna sótti sér hússtjórnarmenntun í húsmæðraskólum landsins. Aðeins sárafaár konur luku háskólaprófi á millistríðsárunum, en þeim tók þó að fjölga þegar komið var fram á fimmta og sjötta áratuginn. Sókn kvenna út á opinbera sviðið var því mjög takmörkuð á árunum milli stríða.²²

Á árunum milli stríða og fram yfir miðja öldina stunduðu giftar konur sjaldnast vinnu utan heimilis nema brýna nauðsyn bæri til. Litið var á launaða vinnu þeirra sem

¹⁸ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanní Íslendingur*, bls. 29–30.

¹⁹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanní Íslendingur*, bls. 177–178, 246–250; Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Færar konur“, bls. 62–63.

²⁰ Hagemann og Roll-Hansen, „Introduction“, bls. 9; Beaumont, *Housewives and Citizens*, bls. 8.

²¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanní Íslendingur*, bls. 246 og 347.

²² Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanní Íslendingur*, bls. 347–348; Anna Ólafsdóttir Björnsson, „Af konum og menntun á 20. öld“, bls. 280 og 283; Guðmundur Hálfðanarson, „Embættismannaskólinn 1911–1961“, bls. 241–244.

tímabundið ástand ógiftra kvenna fremur en giftra þar sem hjónaband, húsmóðurstaða og uppeldi barna var talið þeirra helsta takmark.²³ Sem dæmi má nefna að atvinnuþátttaka kvenna var mjög lítil um miðja öldina, ekki nema 35% árið 1950 og einungis 19% meðal giftra kvenna.²⁴ Á því tímabili sem hér er til skoðunar fór atvinnuþátttaka íslenskra kvenna aldrei yfir 40% og var vinna þeirra bundin við ákveðin störf, svo sem fiskvinnslu, saumastörf, þvotta og þess háttar.²⁵ Fræðimenn hafa þó bent á að hlutfall kvenna sem unnu launaða vinnu hafi í raun verið töluvert hærra, þar sem hlutastörf og íhlaupavinna hafi ekki talist til vinnu utan heimilis ef unnið væri skemur en 13 vikur á ári. Heimilisstörf voru samt sem áður stærstur hluti af vinnu giftra kvenna á tímabilinu sem hér er til skoðunar.²⁶

Þrátt fyrir að öðlast kosningarétt og kjörgengi á fyrri hluta aldarinnar voru konur lítið áberandi á Alþingi og í öðrum valdastöðum. Á millistríðsárunum náðu einungis tvær konur kjöri á þing, þær Ingibjörg H. Bjarnason árið 1922 og Guðrún Lárusdóttir árið 1930. Á því tímabili sem hér er til skoðunar, frá 1944–1955, tóku þrjár konur sæti á þingi, þær Katrín Thoroddsen, Kristín L. Sigurðardóttir og Rannveig Þorsteinsdóttir.²⁷ Það var svo ekki fyrr en 1970 að konur eignuðust sinn fyrsta ráðherra, en það ár tók Auður Auðuns við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra.²⁸

Uppgangur húsmæðrastefnunnar á millistríðsárunum olli því að konum varð lítið ágengt í baráttu sinni fyrir auknu jafnrétti. Tímabilið frá því að þær fengu kosningarétt árið 1915 þar til seinni bylgja femínismans hófst um 1970 hefur oft verið talið stöðnarskeið í íslenskri kvannahreyfingu.²⁹ Í bókinni *Veröld sem ég vil*, þar sem Sigríður Th. Erlendsdóttir rekur starfsemi Kvenréttindafélags Íslands, færir hún rök fyrir því að svo hafi ekki verið og að talsvert líf hafi verið í kvannahreyfingu á tímabilinu. Þrátt fyrir litlar framfarir í baráttu kvenna fyrir auknu jafnrétti á millistríðsárunum var gróska í félagastarfsemi þeirra.³⁰ Það sama átti við um kvannahreyfingu annars staðar í Evrópu á þessum árum. Deyfð var yfir baráttu kvenna á opinbera sviðinu, en talsverð gróska var í félagastarfi þeirra. Fremst í flokki í baráttunni fyrir auknu jafnrétti hér á landi var Kvenréttindafélagið, sem á þessum

²³ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 184–185; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 15–17.

²⁴ Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 106.

²⁵ Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?“, bls. 199 og 201.

²⁶ *Lbs.-Hbs.* Gerður Róbertsdóttir, *Nútímavæðing kvenleikans?*, bls. 7; Hagemann og Roll-Hansen, „Introduction“, bls. 8–9.

²⁷ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 491; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Nýr söguþráður“, bls. 18–19.

²⁸ *Ártöl og áfangar*, bls. 38–39.

²⁹ Sjá t.d. Beaumont, *Housewives and Citizens*, bls. 190–191.

³⁰ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*.

árum barðist meðal annars fyrir atvinnufrelsi kvenna og launajafnrétti.³¹ Önnur félög lögðu mörg hver áherslu á málefni sjúkra og bágstaddra, siðferðismál, varðveislu þjóðlegra hefða og fleira sem var í samræmi við hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar.³²

1.4. Heimilistæki ryðja sér til rúms

Eins og fram hefur komið voru rafknúin heimilistæki meðal þeirra nýjunga sem Íslendingar kynntust og fengu aukið aðgengi að um og eftir síðari heimsstyrjöld. Það var þó um 1930 sem innflutningur hófst á rafknúnum heimilistækjum eins og ísskápum, eldavélum og þvottavélum. Rafmagn var forsenda þess að heimilin í landinu gætu tileinkað sér aukna tækni við heimilisstörf, en árið 1930 höfðu 54% landsmanna aðgang að rafmagni, en 62% árið 1940. Hafa ber í huga að rafvæðing á þessum árum var nær eingöngu bundin við þéttbýli. Í sveitum landsins náði rafmagn einungis til 5% sveitabæja árið 1930 og 6% árið 1940.³³ Það var því aðeins um helmingur þjóðarinnar sem hafði aðgang að rafmagni á árunum milli stríða. Vegna takmarkaðs aðgengis að rafmagni á þessum árum höfðu því ekki öll heimili færi á að nýta rafknúin heimilistæki til heimilisstarfa.

Með tilkomu Sogsvirkjunar árið 1937 varð breyting á og fleiri heimili í Reykjavík og nágrenni fengu aðgang að rafmagni til heimilisnotkunar, lýsingar, suðu og hitunar. Með tilkomu virkjunarinnar fjórfaldaðist framboð á raforku á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar Reykjavíkur því hvattir til að fá sér heimilistæki sem gengu fyrir rafmagni.³⁴ Það var þó hægara sagt en gert þar sem erfitt reyndist að flytja inn raftæki á árunum milli stríða vegna gjaldeyrisskorts. Því var gripið til þess ráðs að stofna hér á landi raftækjaverksmiðju þar sem talið var auðveldara að flytja inn hráefni til framleiðslu slíkra tækja heldur en tækin sjálf. Svo fór að Raftækjaverksmiðja Hafnarfjarðar, Rafha, var stofnuð haustið 1936 og var henni ætlað að koma að einhverju leyti til móts við þarfir landsmanna.³⁵

Sama ár og Rafha var stofnuð var innflutningur rafknúinna heimilistækja skráður sérstaklega í fyrsta sinn og var þá sá fjórði verðmesti í heildarinnflutningi landsins á eftir

³¹ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 169–231.

³² Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 248–253.

³³ Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 62.

³⁴³⁴ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 149–151; Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 62; Í svörum við spurningalista Þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands má sjá að virkjun Sogsins hafði mikil áhrif á raf- og tæknivæðingu íslenskra heimila. Svarendur spurningalistanna sögðu margir að eldavélar og önnur tæki hefðu fyrst komið inn á heimili sín eftir virkjun Sogsins. *Þjms*. Skrá 96. Rafvæðing I.

³⁵ Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 364–365.

eldsneyti, kornvörum og timbri. Rafknúin heimilistæki urðu því algengari á íslenskum heimilum eftir því sem leið á fjórða áratuginn. Aukin tækni var þó að mestu bundin við þéttbýli og þau svæði sem Sogsvirkjun og Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu þjónuðu.³⁶ Ætla má að stærri raftæki, á borð við ísskápa og þvottavélar, hafi í fyrstu verið munaðarvara og því aðeins keypt inn á betur stað heimili og stofnanir í landinu.³⁷

Innflutningur á raftækjum stöðvaðist að mestu í síðari heimsstyrjöld og varð starfsemi Rafha því enn mikilvægari. Skortur á hráefnum háði verksmiðjunni á stríðsárunum og náði hún ekki að anna eftirspurn Íslendinga eftir eldavélum sem, auk ofna var eina raftækið sem þá var framleitt hér á landi. Hagur verksmiðjunnar vænkaðist þó töluvert á stríðsárunum og vegna ráðagerða nýsköpunarstjórnarinnar um aukna rafvæðingu hóf Rafha framleiðslu á ryksugum, kælskápum og þvottavélum.³⁸ Eftirspurn eftir raftækjum frá Rafha virðist hafa verið mikil og tækin frá algeng á íslenskum heimilum. Ef skoðuð eru svör við spurningum Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands má sjá að eldavélar og þvottavélar frá Rafha hafa verið afar vinsælar, bilanatíðni sögð lág og tækin endingargóð.³⁹

Rafvæðing Íslands gekk þó hægt fyrir sig og hafði aðeins helmingur sveitabæja aðgang að rafmagni árið 1960. Árið 1970 var rafmagn hins vegar komið á flesta bæi og höfðu þá nær allir landsmenn aðgang að því og gátu tileinkað sér aukna tækni við heimilisstörf, sem fyrst hafði rutt sér rúm í kringum 1930.⁴⁰ Á tímabilinu sem hér er skoðað voru Íslendingar, í bæjum og sveitum, því að kynnast ýmsum nýjungum á sviði heimilistækja. Þvottavélar, eldavélar, ryksugur, ísskápar, bónvélar og fleiri tæki urðu sífellt aðgengilegri landsmönnum með auknu aðgengi að rafmagni. Íslendingum reyndist þó örðugt að verða sér úti um tækin á tímabilinu vegna hárra tolla og innflutningshafta sem sett voru á ýmsar munaðarvörur eftir að gjaldeyrisforði Íslendinga kláraðist sumarið 1947. Allt tímabilið virðist eftirspurn eftir tækjum vera mun meira en framboð og bendir Sigríður Thorlacius, sem lengi var ritstjóri *Húsfreyjunnar* og formaður Kvenfélagasambands Íslands, til að mynda á að árið 1949 hafi Kaupfélagi Árneseinga vantað 800 saumavélar, 63 þrjónavélar og 70 eldavélar.⁴¹

³⁶ Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 62.

³⁷ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 161.

³⁸ Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 370–371; Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 156–157.

³⁹ *Þjms.* Skrá 97. Rafvæðing II.

⁴⁰ Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 62.

⁴¹ Sigríður Thorlacius, *Margar hlýjar hendur*, bls. 36.

Efnahagsástand fyrsta áratugsins eftir síðari heimsstyrjöld hafði einnig áhrif á innlenda framleiðslu og tókst Rafha ekki að uppfylla þarfir landsmanna vegna innflutningshafta og sífelldra breytinga á kaupgjaldi og verðlagi.⁴² Það reyndist því mörgum íslenskum heimilum erfitt að verða sér úti um rafknúin heimilistæki á fyrstu árunum eftir síðari heimsstyrjöld.

⁴² Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 371.

2. Heimilistæki í kvennablöðum

2.1. *Melkorka* og *Húsfreyjan*

Kvennablaðið *Melkorka* hóf göngu sína á verkalýðsdaginn 1. maí 1944. Blaðið var mál gagn sósíalískra kvenna á Íslandi og var fyrsti ritstjóri þess Rannveig Kristjánsdóttir, sem áður ritstýrði kvennasíðu *Þjóðviljans*, mál gagni Sósíalístaflokksins.⁴³ Ásamt Rannveigu voru í ritstjórn þær Þóra Vigfúsdóttir, Valgerður Briem og Petrína Jakobsson. Rannveig var ritstjóri blaðsins fram til ársins 1947, en við brotthvarf hennar lá útgáfa þess niðri í tvö ár. Þegar útgáfa hófst að nýju sumarið 1949 hafði *Melkorka* engan ritstjóra, en í ritstjórn voru þær Nanna Ólafsdóttir, Þóra Vigfúsdóttir og Svafa Þórleifsdóttir. Þær sátu allar í ritstjórn til loka tímabilsins sem hér er til skoðunar að Svöfu undanskilinni, sem hætti til að taka við ritstjórn *Húsfreyjunnar* árið 1953.⁴⁴

Þar sem *Melkorka* var mál gagn sósíalískra kvenna á Íslandi var markmið blaðsins meðal annars að flytja íslenskum konum „boðskap sósíalísuma og þjóðfrelsisbaráttu.“⁴⁵ Eins og fram kemur í fyrsta hefti blaðsins var tilgangur þess að vekja konur af værum svefni og hvetja þær til aukinnar þátttöku í samfélagsmálum og réttindabaráttu kvenna.⁴⁶ Á síðum *Melkorku* var kvenréttindabaráttu og jafnrétti kynjanna haldið á lofti fram til ársins 1962, þegar útgáfunni var hætt. Í blaðinu voru meðal annars birtar greinar um kvenréttindi, heilbrigðis-, menningar- og menntamál, sögur, ljóð og margt fleira. Blaðið lagði að auki áherslu á að flytja íslenskum konum fréttir af stöðu kvenna í öðrum löndum, einkum Sovétríkjunum.

Húsfreyjan hóf göngu sína nokkrum árum á eftir *Melkorku*, árið 1950, og var gefin út af Kvenfélagasambandi Íslands. Sambandið var stofnað árið 1930 og var tilgangur þess að efla húsmæðrafræðslu og heimilisiðnað í landinu auk þess að koma á samvinnu milli starfandi kvenfélaga og kvenfélagasambanda.⁴⁷ Útgáfa blaðs hafði verið eitt af helstu markmiðum félagsins frá stofnun þess og varð það að veruleika með útgáfu *Húsfreyjunnar*. Um útgáfu fyrsta heftisins sáu þær Aðalbjörg Sigurðardóttir, Svafa Þórleifsdóttir og Soffía Ingvarsdóttir. Fyrsti ritstjóri blaðsins, Guðrún Sveinsdóttir, var ráðin í kjölfarið og gegndi hún starfinu fram til ársins 1953. Félagið hafði þó hönd í bagga með efnisvali fyrstu árin

⁴³ „Rannveig Kristjánsdóttir Hallberg. 17. maí 1917 – 14. september 1952“, *Melkorka* 8:2 (1952), bls. 27.

⁴⁴ *Melkorka* 1944–1955.

⁴⁵ Einar Olgeirsson, „Þegar *Melkorka* fékk málið“, bls. 225.

⁴⁶ Rannveig Kristjánsdóttir, „Sól er á loft komin...“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 1–2.

⁴⁷ Sigríður Thorlacius, *Margar hlýjar hendur*, bls. 18.

ásamt sérstakri útgáfunefnd. Breytingar voru gerðar á ritstjórn blaðsins árið 1953 og tók Svafa Þórleifsdóttir þá við ritstjórninni. Auk hennar voru þá í útgáfunefnd þær Elsa E. Guðjónsson og Sigrún Árnadóttir.⁴⁸

Í ávarpi til lesenda í fyrsta tölublaði *Húsfreyjunnar* segir að blaðið muni „flytja þann fróðleik til íslenskra kvenna, sem efli þær til að styðja að heill og hamingju heimilanna, og að þær verði sífellt minnugar þess, að heimilin eru hyrningarsteinar þjóðfélagsins.“⁴⁹ Áherslur blaðsins voru því svipaðar áherslum Kvenfélagasambandsins sjálfs, þar sem húsmæðrafræðsla, heimilisiðnaður og uppeldismál voru í forgrunni. Þar voru birtar ýmis konar greinar, meðal annars um starfsemi sambandsins, leiðbeiningar fyrir húsmæður, greinar um heilbrigðis- og menningarmál ásamt uppskriftum, ljóðum, sögum og fleiru.

Ef stefnur blaðanna tveggja eru skoðaðar má í grófum dráttum segja að þau séu fulltrúar þeirra tveggja andstæðu póla sem tókust á í íslenskri kvenréttindabaráttu á árunum milli stríða. *Melkorka* var róttæk í anda sósíalískra hugmynda og lagði frá upphafi áherslu á að konur „öðlist jafnan rétt karlmanninum til þess að velja starf sitt og vaxa í því“.⁵⁰ Blaðið tilheyrði því þeim væng kvennabaráttunnar sem lagði áherslu á jafnrétti kynjanna. *Húsfreyjan* var hins vegar gefin út af Kvenfélagasambandi Íslands, sem hafði húsmæðrafræðslu í anda húsmæðrastefnunnar að sínu aðalstefnumáli og var blaðið því fulltrúi íhaldssamari viðhorfa en *Melkorka*.⁵¹ Það er því áhugavert að bera saman greinar, áherslur og hugmyndir þessara blaða, sem bæði vildu bæta aðgengi kvenna að tækninni. Þrátt fyrir að byggja á ólíkri hugmyndafræði höfðu blöðin sama markhóp, birtu oft greinar eftir sömu konurnar og höfðu í mörgum tilvikum sömu markmið, meðal annars að tryggja öllum konum aðgang að tækninýjungum og létta þeim þannig heimilisstörfin.

2.2. Umfjöllun um heimilistæki

Töluvert var fjallað um rafknúin heimilistæki í hinum ýmsu kvenablöðum og dálkum á árunum 1944–1955. Í blöðunum tveimur sem hér liggja til grundvallar hófst umfjöllun um tækin strax í fyrstu árgöngum þeirra, í *Melkorku* 1944 og *Húsfreyjunni* 1950. Blöðin gerðu

⁴⁸ Sigríður Thorlacius, *Margar hlýjar hendur*, bls. 118–119.

⁴⁹ Guðrún Pétursdóttir, „Ávarp“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 3.

⁵⁰ Rannveig Kristjánsdóttir, „Sól er á loft komin...“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 2; *Lbs.-Hbs.* Anna Dröfn Ágústsdóttir, Frjálsar konur, bls. 22–23.

⁵¹ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 192, 215–216; Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 331–332.

aukna tækni við heimilisstörf og aðgengi húsmæðra að rafknúnum heimilstækjum að umfjöllunarefni sínu og eru áherslur þeirra að mörgu leyti svipaðar, en þó frábrugðnar að einhverju leyti og lituðust af ólíkum áherslum blaðanna. *Melkorka* lagði meiri áherslu á að fjalla um takmarkað aðgengi kvenna að tækjunum út frá jafnréttissjónarmiði og tengdi takmarkaðan aðgang húsmæðra að tækninni við stöðu kvenna innan samfélagsins. *Húsfreyjan* lagði hins vegar meiri áherslu á að kynna tækin fyrir íslenskum húsmæðrum og leita lausna til að tryggja þeim öllum aðgang að rafknúnum heimilstækjum óháð efnahag. Bæði blöðin voru sammála um mikilvægi þess að tryggja húsmæðrum og heimilum í landinu aðgang að heimilstækjum og lögðu sitt af mörkum við að gera draum húsmæðra um eign slíkra tækja að veruleika.

Hér er úrvinnsla á efni blaðgreinanna skipt í tvennt og litast sú skipting að miklu leyti af áherslum blaðanna. Í fyrri hlutanum eru greinar sem birtust í hinni sósíalísku *Melkorku* meira áberandi. Í þeim er áhersla lögð á takmarkað aðgengi kvenna að tækjunum á árunum eftir stríð og orsakir þess. Rýnt verður í greinar Melkorkukvenna og viðhorf þeirra til breytts samfélags og stöðu húsmæðra og heimila innan þess. Í síðari hluta úrvinnslunnar verður fjallað um orsakir þess að íslenskum heimilum reyndist erfitt að fjárfesta í heimilstækjum á árunum eftir stríð. Einnig verða skoðaðar þær lausnir sem greinarhöfundar lögðu til og töldu að myndu tryggja öllum húsmæðrum aðgang að tækjunum. Þar verða greinar úr *Húsfreyjunni* í meirihluta, þar sem greinarhöfundar hennar lögðu áherslu á að leita lausna og tryggja húsmæðrum aðgang að tækninni á sem hagkvæmastan hátt.

Hér á eftir verða greinar Rannveigar Kristjánsdóttur fyrsta ritstjóra *Melkorku* áberandi, en líkt og Anna Dröfn Ágústsdóttir benti á í lokaritgerð sinni um *Melkorku* var hún ein aðalsprautan í útgáfu blaðsins fyrstu árin.⁵² Auk Rannveigar fjölluðu þær Nanna Ólafsdóttir, sagnfræðingur,⁵³ og Svafa Þórleifsdóttir, kennari og skólastjóri,⁵⁴ um heimilistæki og áhrif þeirra á samfélagslega stöðu kvenna. Þær Rannveig, Nanna og Svafa voru allar áberandi í umræðu um þjóðfélagsmál á tímabilinu, voru baráttukonur fyrir

⁵² *Lbs.-Hbs.* Anna Dröfn Ágústsdóttir, Frjálsar konur, bls. 21.

⁵³ Nanna Ólafsdóttir var bæjarfulltrúi Sósíalístaflokksins í Reykjavík árin 1952–1954. Hún var menntuð í íslenskum fræðum og sinnti ýmis konar ritstörfum, birti greinar í blöðum og var safnvörður í handritadeild Landsbókasafn Íslands. Sjá: Páll Línal og Torfi Jónsson, *Reykjavík. Bæjar- og borgarfulltrúatal*, bls. 206–207.

⁵⁴ Svafa Þórleifsdóttir var fyrirferðarmikil í íslenskrri kvennahreyfingu. Hún sat meðal annars í ritstjórn beggja blaðanna sem hér liggja til grundvallar, *Melkorku* og *Húsfreyjunnar*, var menntaður kennari og gegndi stöðu skólastjóra Iðnskólans á Akranesi 1936. Auk þess var hún var framkvæmdastjóri Kvenfélagsambands Íslands og sat í stjórn Kvenréttindafélags Íslands. Sjá: *Ártöl og áfangar*, bls. 22–23.

auknum réttindum kvenna og gerðu allar jafnrétti kynjanna að umfjöllunarefni sínu í greinum *Melkorku*. Í *Húsfreyjinni* var hins vegar engin kona meira áberandi en önnur í umfjöllun um rafknúin heimilistæki.

Innreið tækninnar á íslensk heimili birtist ekki aðeins í greinum í kvennablöðum og dálkum á árunum 1944–1955, heldur einnig í auglýsingum sem birtust í fjölmörgum blöðum og tímaritum á tímabilinu. Flestar auglýsinganna áttu það sameiginlegt að ýta undir kynbundin hlutverk kvenna og gáfu til kynna að rafknúin heimilistæki á borð við eldavélar, þvottavélar og ryksugur ættu nær eingöngu að vera notuð af konum með það að markmiði að létta þeim störfín. Slíkar auglýsingar birtust bæði í *Melkorku* og *Húsfreyjinni* á tímabilinu og var í þeim lögð áhersla á að með tilkomu tækjanna á íslenskan markað yrði draumur kvenna um eign slíkra tækja loksins að veruleika.⁵⁵

Þessar auglýsingar miðuðu sjaldnast að því að selja húsmæðrum sjálfum tækin. Þeim var í flestum tilvikum beint til karla, sem voru hvattir til að kaupa tækin til að létta eiginkonum sínum störfín. Í bókinni *The Feminine Mystique* benti Betty Friedan á að sömu áherslur hefðu verið uppi á teningnum í sambærilegum auglýsingum í Bandaríkjunum þar sem áhersla var lögð á að karlmenn ættu að kaupa tækin, en eiginkonur þeirra að nota þau.⁵⁶ Það voru karlar sem sáu um fjármál heimilanna á þessum árum og var það því í þeirra höndum að kaupa tæki til að létta eiginkonum sínum störfín og gera þau ánægjulegri.⁵⁷

⁵⁵ *Melkorka* 1944–1955; *Húsfreyjan* 1950–1955. Sjá t.d. „Draumur, sem þarf að rætast“, *Melkorka* 3:1 (1946), bakmynd á kápu.

⁵⁶ Allen, *Women in Twentieth Century Europe*, bls. 85.

⁵⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 186–187.

3. Konur í nýjum heimi

3.1. Minna strit og aukin þægindi

Í kvennablöðunum tveimur, *Melkorku* og *Húsfreyjunni*, var áhersla lögð á mikilvægi húsmóður og heimilis sem undirstöðu þjóðfélagsins. Greinarhöfundar blaðanna töldu hlutverk húsmóðurinnar vera eitt mikilvægasta hlutverk samfélagsins, þar sem hún væri ábyrg fyrir heilsufari fjölskyldu sinnar og uppeldi þjóðfélagsþegna framtíðarinnar.⁵⁸ Í þessari umræðu birtist oft hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar, þar sem störfum kvenna innan veggja heimilisins var gert hátt undir höfði. Eins og fram hefur komið reyndist húsmæðrum sífellt erfiðara að fá hjálp við heimilisstörfin þar sem framboð á vinnukonum fór stöðugt minnkandi eftir því sem leið á 20. öldina. Átti þetta við hvort sem var í þéttbýli eða sveitum landsins. Því er ljóst að til mikils var ætlast af húsmæðrum þegar komið var fram á miðja 20. öld. Störf þeirra urðu sífellt tímafrekari og erfiðari sökum lítillar hjálpar og gafst þeim þar af leiðandi lítil tími til að sinna öðrum störfum, áhugamálum og þjóðmálum. Þrátt fyrir að hafa full réttindi til að starfa utan heimilis á árunum eftir stríð var raunin sú að stór hluti giftra kvenna störfuðu að mestu eða öllu leyti innan heimilisins. Þar biðu þeirra næg verkefni og höfðu þær því ekki kost á því að afla tekna með vinnu utan þess.⁵⁹

Eins og fram kom hér að ofan tók íslenskt samfélag og efnahagslíf miklum breytingum á fyrri hluta 20. aldar og þá sér í lagi á stríðsárunum. Breytingarnar höfðu áhrif á allar hliðar samfélagsins, meðal annars á íslensk heimili og húsmæður, sem störfuðu að mestu leyti innan veggja heimilanna. Þessum breytingum fylgdu miklar framfarir á ýmsum sviðum og má þar meðal annars nefna bætt starfsskilyrði og hærra tæknistig í íslenskum atvinnuvegum.

Greinarhöfundar *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* voru gagnrýnar á þessar samfélagsbreytingar og þótti húsmóðurstéttin hafa setið á hakanum og ekki þróast í takt við samfélagið.⁶⁰ Meðal þess sem þær gagnrýndu voru aðbúnaður og starfsskilyrði íslenskra húsmæðra, sem þeim þótti ekki í samræmi við það sem þekktist meðal annarra stétta

⁵⁸ Sjá t.d. Anna Sigurðardóttir, „Er húsmóðurstaðan einskisvert starf?“, *Melkorka* 10:3 (1954), bls. 84; Helga Rafnsdóttir, „Störf húsmóðurinnar“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 17; Guðrún Pétursdóttir, „Ávarp“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 3; Guðrún Sveinsdóttir, „Ávarp“, *Húsfreyjan* 1:2 (1950), bls. 3.

⁵⁹ Gro Hagemann, „Housewife and Citizen?“, bls. 38.

⁶⁰ Þessi gagnrýni birtist einna helst í greinum Rannveigar Kristjánsdóttur og Nönnu Ólafsdóttur í tímaritinu *Melkorku*, en þær lögðu báðar áherslu á jafnrétti kynjanna og samfélagslega stöðu kvenna í greinum sínum.

samfélagsins. Vegna skorts á vinnuafli til aðstoðar inni á heimilum þyrftu húsmæður einar að leysa af hendi störf sem tveir til þrír unnu saman áður.⁶¹ Þær bentu á að heimilin væru frumstæð samanborið við aðra atvinnuvegi landsins, þar sem vélar hefðu verið teknar í notkun til að létta fólki störfin. Aðgangur húsmæðra að vélum og tækjum væri hins vegar mjög takmarkaður og þær því fastar í fortíðinni og eina stétt landsins sem þyrfti að strita upp á gamla mátann.⁶² En hvers vegna var lítil áhersla lögð á að nútímavæða störf húsmæðra og tryggja þeim aðgang að vélum og tækjum sem létu þeim störfin? Af hverju var húsmæðrastéttin eina stéttin sem sat á hakanum? Í grein í *Melkorku* haustið 1949 færði Nanna Ólafsdóttir rök fyrir því að störf húsmæðra væru ekki nútímavædd vegna þess að „[a]fraksturinn af vinnu þeirra kemur ekki í beinhörðum peningum“. Í hennar augum var það ekki ástæða til að skilja húsmæður eftir útundan, heldur sýndi það mikilvægi starfs þeirra. Starf húsmóðurinnar sé svo ómetanlegt að ekki sé hægt að meta það til fjár.⁶³

Í *Melkorku* var þó ekki aðeins fjallað um það sem miður hafði farið við nútímavæðingu íslenskra heimila, heldur settu greinarhöfundar blaðsins einnig fram hugmyndir sínar um úrbætur. Hvernig átti að nútímavæða störf kvenna samkvæmt greinarhöfundum *Melkorku*? Hver var staða kvenna innan hins nýja samfélags, sem varð til um og eftir síðari heimsstyrjöld? Staða kvenna í breyttu samfélagi var umfjöllunarefni Nönnu Ólafsdóttur vorið 1947. Í greininni, sem bar heitið „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, sagði hún heimilisstörfin vera orðið „þrotlaust erfiði vegna vöntunar á aðstoðarfólki“. ⁶⁴ Benti hún á að þær konur sem ekki hafi ráð á að hafa tæki eða starfsstúlku til að létta sér heimilisstörfin verði að þrælum á sínu eigin heimili. Þær efnameiri, sem hafi ráð á að veita sér þennan munað, sitji hins vegar aðgerðarlausar á heimilum sínum og verði að nokkurs konar „aðalmublu“. Konur séu því ýmist önnum kafnar við heimilisstörfin, eða sitji aðgerðarlausar innan veggja heimilisins. Nanna segir konur vera neyddar til að segja skilið við atvinnulífið, einangra sig inni á heimilum og strita við heimilisstörf um leið og þær gifti sig.⁶⁵

Sagnfræðingurinn Ruth Schwartz Cowan hefur bent á að tilkoma heimilistækja á bandarísk heimili hafi ekki valdið því að störfum kvenna innan heimilanna fækkaði. Segir hún að konur hafi eytt meiri tíma til ýmissa heimilisstarfa eftir tilkomu tækjanna og tæknin

⁶¹ Á.E., „Starf og strit“, *Húsfreyjan* 2:1 (1951), bls. 23.

⁶² Á.E., „Starf og strit“, *Húsfreyjan* 2:1 (1951), bls. 23; Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 67-68.

⁶³ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 67.

⁶⁴ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18.

⁶⁵ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18–19.

hafi því ekki „reynst sá frelsandi engill sem ætla mætti af hinni almennu söguskoðun“.⁶⁶ Skrif Nönnu vorið 1947 benda þó til þess að vélar og tæki hafi ekki losað íslenskar konur út af heimilunum á fyrstu árunum eftir stríð, heldur einungis valdið því að verkefnum þeirra heima fyrir fækkaði. Þeirri þróun vildi Nanna breyta og taldi hún æskilegast að konur slitu aldrei tengslin við atvinnulífið og að giftar konur störfuðu utan heimilis í að minnsta kosti nokkra mánuði á ári.⁶⁷ Sagði hún miklu vinnuafli vera sóað „í óarðbær heimilisstörf fyrir ímyndaða rómantík, á öld nýsköpunar og gerbreytinga í atvinnuháttum“. Nauðsynlegt væri að skipuleggja störf kvenna betur og fá þær út í atvinnulífið.⁶⁸ Af orðum Nönnu má því lesa að hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar, þar sem störfum kvenna innan veggja heimilanna var gert hátt undir höfði, hafi verið orðin úrelt þegar komið var fram yfir síðari heimsstyrjöld. Með nýsköpun og vélvæðingu sá hún fyrir sér að minni tími færi í heimilisstörf og hefðu húsmæður því loksins tíma til að láta til sín taka í atvinnulífi landsins, en til þess varð að tryggja öllum húsmæðrum aðgang að tækninni, óháð efnahag.

Sömu viðhorf birtust í greinum Rannveigar Kristjánsdóttur á tímabilinu, þar sem hún leggur áherslu á að of mikið álag sé á húsmæðrum sökum slæmra starfsskilyrða og skorts á starfsstúlkum. Rannveig sá fyrir sér tvær lausnir á þessu vandamáli, annars vegar að færa tæknina inn á heimilin og hins vegar færa störfin út af þeim. Rannveig benti á að þessi þróun hefði þegar átt sér stað á betur staðum heimilum í landinu, sem hefðu ráð á að veita sér aukin þægindi. Þar hefði tæknin verið flutt inn á heimilin í formi ísskápa, bónvéla og fleiri tækja, en á sama tíma hefðu ýmis störf á borð við matargerð og þvotta færst út af þeim. Á fyrstu árunum eftir stríð virðist tæknin því aðeins hafa verið aðgengileg vel staðum heimilum. Samkvæmt Rannveigu voru efnameiri fjölskyldur þær einu sem gátu tileinkað sér aukna tækni innan veggja heimilisins og einnig þær einu sem gátu nýtt sér þá þjónustu sem var í boði utan þeirra.⁶⁹ Efnaminni fjölskyldur fóru því varhluta af tækninni fyrstu árin eftir stríð. Húsmæðrum á efnalitlum heimilum gafst ekki kostur á að spara þann tíma sem fór í að sinna heimilisstörfum og höfðu því samkvæmt þeim Rannveigu og Nönnu lítinn tíma til að sækja út á vinnumarkaðinn og afla tekna með vinnu utan heimilis.

Innreið tækninnar á íslensk heimili hafði þó ekki aðeins í för með sér vonir um betri tíma, aukin tækifæri fyrir húsmæður og auðveldari heimilisstörf. Vél- og tæknivæðingu fylgdi einnig eftirsjá eftir fyrri tímum og birtust þau viðhorf í tveimur greinum eftir Sigríði

⁶⁶ Stefán Pálsson, „Af þjóðlegum orkugjöfum og óþjóðlegum“, bls. 257.

⁶⁷ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18–21.

⁶⁸ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18.

⁶⁹ Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 5.

Björnsdóttur frá Miklabæ, kennara og rithöfund,⁷⁰ í *Melkorku* á tímabilinu. Í greinunum lagði Sigríður áherslu á að gera grein fyrir þeim breytingum sem aukin tækni hafði á sveitir landsins, sveitaheimili og húsmæður þeirra.⁷¹ Í fyrri grein sinni segist hún sakna þeirra mannmörgu sveitaheimila sem óðum séu að deyja út vegna breyttrar þjóðfélagsskipunar og vöntunar á vinnufólki. Sveitastörfin hafi breyst mikið þar sem bændur og húsmæður séu farin að reiða sig á notkun véla og tækja í auknum mæli. Þótti henni ömurlegt að koma á þessi heimili sem áður fyrr voru full af fólki „og sjá dauðar vélar fylla það rúm nú, sem áður unnu liprir fingur og árvökul augu, og þar sem líf var í hverjum krók, unnið og spunnið, hlegið og grátið, lesið og lært“. Þar hýrist „nú aðeins fáeinar hræður“.⁷² Þrátt fyrir að sakna hins gamla samfélags sá hún þó fyrir sér að hagur húsmæðra til sveita myndi vænkast með aukinni tækni og betri starfsskilyrðum. Þrátt fyrir það sá hún ekki fyrir sér að starfssvið konunnar kæmi til með að breytast með innreið tækninnar á heimilin, heldur yrði aðeins breyting á því hvernig störf húsmæðra væru framkvæmd innan þeirra.⁷³

Sigríður var því ósammála þeim Rannveigu og Nönnu sem töldu að aukin tækni við heimilisstörf myndi auðvelda konum að sækja sér vinnu utan heimilis. Hún sá þó fyrir sér að aukin tækni myndi auka þægindi hinnar íslensku sveitakonu og auðvelda henni að afla sér menntunar.⁷⁴ Í augum Sigríðar hafði tæknin því bæði sína kosti og galla. Á sama tíma og hún sá fyrir sér að vélar og tæki myndu auðvelda störf húsmæðra til sveita óttaðist hún þau áhrif sem aukin tækni og sérhæfing hefði á sveitir landsins.

3.2. Konan og nýsköpunin

Eins og þegar hefur komið fram var markmið nýsköpunarstjórnarinnar á árunum 1944–1946 að efla og tæknivæða íslenskt atvinnulíf, einna helst sjávarútveg og landbúnað, og tryggja þannig öllum landsmönnum vinnu við sem arðbæran rekstur.⁷⁵ Í stefnuskrá

⁷⁰ Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, einnig þekkt sem Sigríður Björnsdóttir frá Miklabæ. Var virk í félagsmálum kvenna og var meðal annars formaður kvenfélagsins 19. júní frá 1938–1943 og í stjórn Kvenréttindafélags Íslands og Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík 1945–1962. Starfaði lengst af sem kennari, var varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjavík árin 1954–1958 auk þess að vera þekktur rithöfundur og skáld. Sjá: Páll Líndal og Torfi Jónsson, *Reykjavík. Bæjar- og borgarfulltrúatal*, bls. 238–239.

⁷¹ Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Fyrri grein“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 5–9; Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 2:2 (1946), bls. 45–46.

⁷² Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Fyrri grein“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 6.

⁷³ Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 3:2 (1946), bls. 45.

⁷⁴ Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 3:2 (1946), bls. 45.

⁷⁵ Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904–1964* II, bls. 716.

stjórnarinnar var ekkert vikið að nýsköpun heimila- og heimilisstarfa,⁷⁶ sem á þessum árum voru ein fjölmennasta atvinnugrein landsins og sú atvinnugrein sem stærstur hluti kvenna starfaði við.⁷⁷ Það má því segja að markmið nýsköpunarstjórnarinnar hafi ekki verið að tryggja öllum landsmönnum vinnu við sem arðbærastan rekstur, heldur eingöngu að tryggja öllum karlmönnum slíka vinnu. Má því fullyrða að beinn ávinningur húsmæðra af áformum nýsköpunarstjórnarinnar hafi verið fremur lítill.

Ástæða þess að lítið fór fyrir nýsköpun heimilisstarfa í stefnuskrá stjórnarinnar var líklega sú að ekki var lítið á störf sem unnin voru innan veggja heimilanna sem raunverulega atvinnu. Var það eitt helsta baráttumál kvenréttindakvenna á árunum eftir síðari heimsstyrjöld að fá viðurkenningu á störfum kvenna innan heimilanna og kröfðust þær þess að þau yrðu tekin með í þjóðarbúskapinn. Meðal þeirra kvenna sem kröfðust þess að heimilisstörf yrðu viðurkennd sem raunverulegur atvinnuvegur var Anna Sigurðardóttir og fjallaði hún ítrekað um málið í skrifum sínum í *Melkorku* á sjötta áratugnum.⁷⁸ Engin áhersla var lögð á nýsköpun heimilisstarfa vegna þess að þau voru ekki talin mikilvægur atvinnuvegur, ólíkt sjávarútvegi og landbúnaði þar sem karlmenn voru í meirihluta. En hvernig gátu húsmæður breytt þessu og gert sig að gildum þátttakendum í nýsköpuninni og komið störfum sínum á hærra tæknistig?

Eitt af helstu markmiðum kvennablaðsins *Melkorku* var, eins og fram hefur komið, að stuðla að jafnrétti kynjanna. Meðal þess sem greinarhöfundar blaðsins fjölluðu um var takmarkaður aðgangur kvenna að nýsköpun atvinnuveganna á árunum eftir stríð. Í maí 1945 birtust í *Melkorku* tvær greinar um þetta málefni, annars vegar eftir Rannveigu Kristjánsdóttur ritstjóra blaðsins og hins vegar eftir Svöfu Þórleifsdóttur. Í greinunum gerðu þær störf nýsköpunarstjórnarinnar og aðgengi kvenna að nýsköpuninni að umfjöllunarefni sínu.⁷⁹

Á árunum eftir stríð naut húsmæðrastefnan og hið svokallaða fyrirvinnukerfi mikillar hylli. Lítið var svo á að verkaskipting karla og kvenna, þar sem konur sinntu heimilisstörfum en karlar unnu á almennum vinnumarkaði, væri forsenda „fyrir velfarnaði

⁷⁶ *Alþingistíðindi* 1944 B.2. d. 2023–2029.

⁷⁷ Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 4.

⁷⁸ Anna Sigurðardóttir, „Þjóðfélagið og heimilisstörfin“ *Melkorka* 12:3 (1956), bls. 68–70; Anna Sigurðardóttir, „Er húsmóðurstaðan einskisvert starf?“, *Melkorka* 10:3 (1954), bls. 84–86; Anna Sigurðardóttir, „Efnahagslegt jafnrétti“, *Melkorka* 6:3 (1950), bls. 57–62. Sjá einnig t.d. Hagemann, „Housewife and Citizen“, bls. 34.

⁷⁹ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 1–5; Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þátttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 25–26.

einstaklinga, stöðugleika þjóðskipulags og góðu siðferði“.⁸⁰ Greinarhöfundar *Melkorku* lögðu áherslu á að berjast gegn þessari hugmyndafræði og birtust þær áherslur í greinum Rannveigar og Svöfu um þátt kvenna í nýsköpuninni. Í þeirra augum var nýsköpunin ein forsenda þess að konur gætu brotist undan hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar, komist út af heimilunum og starfað við hlið karlanna á hinu opinbera sviði.⁸¹

Í grein Rannveigar birtust viðhorf hennar í garð kvenréttinda og kvenfrelsis þar sem hún velti fyrir sér hvort áhrifaleysi kvenna utan heimilanna og vanmat á störfum þeirra stafi af því hve lítil tækni sé notuð við störf þeirra. Segir hún það einkum tvennt sem ákvarði stöðu konunnar í samfélaginu, annars vegar hve mikilvæg störf hún vinni í þágu framleiðslunnar hverju sinni og hins vegar sú staðreynd að hún ali börnin. Sagði hún stöðu kvenna vera ólíka stöðu karlanna að því leyti að karlmenn þurfi aldrei að velja á milli starfsframa síns og heimilislífs, en ungar konur þurfi hins vegar að velja á milli „álitlegrar menntunar og fjárhagslegs sjálfstæðis annarsvegar, og hjónabands og heimilislífs hinsvegar“. Í hennar augum er frelsi konunnar mest þegar henni er gert kleift að sameina móðurhlutverkið og framleiðslustörf í þágu þjóðfélagsins.⁸²

Í greinum sínum leggja þær Rannveig og Svafa áherslu á að einstaklingsfrelsi kvenna sé undir því komið að þær taki virkan þátt í nýsköpun atvinnuveganna. Báðar sáu þær mikil sóknarfæri fólgin í nýsköpuninni og hvöttu þær konur til að nýta sér þau tækifæri til fulls og láta til sín taka í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar. Rannveig sá fyrir sér að nýsköpunin myndi kalla á aukna sérþekkingu og hvatti í því samhengi ungar konur til að afla sér menntunar og sérfræðiþekkingar til að koma sér út í atvinnulífið.⁸³

En hvernig gátu konur breytt stöðu sinni og sameinað störf sín innan og utan heimilis? Eins og fram kom hér að ofan taldi Rannveig vanmat á störfum kvenna meðal annars stafa af því hve lítil tækni væri notuð við þau. Til að breyta þessu vanmati taldi hún tvær leiðir færar. Annars vegar að fullnýta tæknina við heimilisstörfin og gera þau arðbær og hins vegar að breyta matsmælikvarðanum á þeim störfum sem unnin væru til að uppfylla þarfir fjölskyldunnar.⁸⁴ Nokkrum árum síðar færði Anna Sigurðardóttir hins vegar rök fyrir því að vanmat á störfum kvenna héldist í hendur við fjárhagslegt gildi þeirra. Þar sem

⁸⁰ Guðmundur Jónsson „Hvers kyns velferðarkerfi?“, bls. 194.

⁸¹ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5; Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þátttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 25–26.

⁸² Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 4–5, tilv. af bls. 4.

⁸³ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5.

⁸⁴ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5.

húsmæður öfluðu ekki tekna með störfum sínum innan heimilisins væru þau lægra metin en önnur störf, sem unnin væru utan þeirra og greitt væri fyrir í peningum.⁸⁵

Líkt og norski sagnfræðingurinn Gro Hagemann hefur bent á lögðu kvenréttindakonur ekki alltaf áherslu á að konur færu út á vinnumarkaðinn til að afla tekna fyrir heimilin, heldur lögðu þær jafnframt áherslu á að störf húsmæðra innan heimilanna yrðu metin til jafns við þá vinnu sem unnin væri utan þeirra.⁸⁶ Í íslensku samfélagi, þar sem öll framleiðsla var miðuð við sköpun arðs, sá Rannveig ekki fyrir sér að hægt væri að breyta matsmælikvarðanum sem lagður væri á störf kvenna. Störf sem unnin væru til að uppfylla þarfir fjölskyldunnar yrðu aldrei nægilega arðbær í kapítalísku þjóðfélagi. Hún sá því fyrri leiðina fyrir sér sem lausn, en taldi hana þó vandkvæðum bundna þar sem erfitt væri að gera heimilisstörfin arðbær eingöngu með því að nota vélar við þau. Rannveig sá fyrir sér að ef húsmóðir ætlaði sér að láta heimilisreksturinn bera sig með notkun véla yrði „hún að nota þann tíma, sem hún fær afgang, til þess að skapa verðmæti með vinnu sinni utan heimilisins“.⁸⁷ Í skrifum Rannveigar má greina að full notkun véla og tækja við heimilisstörfin hafi verið forsenda þess að hægt væri að draga úr ríkjandi vanmati á störfum kvenna. Ekki væri unnt að breyta því mati sem lagt var á störf kvenna með öðrum hætti og því mikilvægt í hennar augum að minnka þann tíma sem heimilisstörfin tóku og koma konum út í atvinnulífið. Þannig gætu þær aflað tekna og gert störf sín arðbær.

Í augum Rannveigar var mikilvægi nýsköpunar og tæknivæðingar heimilanna því ekki aðeins fólgið í því að létta konum störfin. Með þátttöku í nýsköpuninni gætu konur orðið virkir þjóðfélagsþegnar, sem störfuðu við hlið eiginmanna sinna og hefðu tíma til að láta til sín taka utan heimilis, hvort sem var í atvinnulífi eða stjórnámálum. Þáttur kvenna í nýsköpuninni snerist ekki aðeins um að koma konum út í atvinnulífið, heldur einnig að koma heimilisstörfunum á hærra tæknistig, hvort sem þau væru unnin innan eða utan heimilis.⁸⁸ Samkvæmt henni var aukin þátttaka kvenna í þjóðfélaginu nátengd auknu tæknistigi innan veggja heimilanna. Með því að auka áhrif sín utan heimilanna sá hún fyrir sér að konur gætu tekið þátt í nýsköpun landsins, komið störfum sínum á hærra tæknistig og fengið þau metin að fullu. Að sama skapi leit hún svo á að tæknin myndi létta undir með

⁸⁵ Anna Sigurðardóttir, „Er húsmóðurstaðan einskisvert starf?“, *Melkorka* 10:3 (1954), bls. 84; Anna Sigurðardóttir, „Þjóðfélagið og heimilisstörfin“, *Melkorka* 12:3 (1956), bls. 68.

⁸⁶ Gro Hagemann, „Housewife and Citizen?“, bls. 34.

⁸⁷ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5.

⁸⁸ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 1–5.

húsmæðrum, spara þeim tíma og auðvelda þeim að komast út af heimilunum og láta til sín taka í stjórnmalum og atvinnulífi.

Konur áttu því mikið undir í nýsköpuninni, þrátt fyrir að ekki hafi verið minnst á þær sérstaklega í stefnuskrá nýsköpunarstjórnarinnar. Í augum þeirra Rannveigar og Svöfu var barátta kvenna fyrir þátttöku í nýsköpuninni hluti af baráttu þeirra fyrir auknu jafnrétti og töldu þær nýsköpun Íslands ekki mögulega á meðan helmingur þjóðarinnar væri útilokaður frá þátttöku. En til þess að tryggja hlutdeild kvenna yrðu konur sjálfar að sækjast eftir henni og krefjast þess að verða viðurkenndir þátttakendur að nýsköpuninni. Í grein sinni hvatti Svafa því konur til að vera frekar þátttakendur en áhorfendur að nýsköpuninni þar sem hún yrði ekki möguleg nema með „sameiginlegu átaki karla og kvenna“.⁸⁹

Voru heimilistækin þá forsenda þess að konur gætu sótt út á vinnumarkaðinn? Takmarkaður aðgangur húsmæðra að heimilistækjum var ekki það eina sem stóð í vegi þeirra kvenna sem vildu sameina móðurhlutverk og vinnu utan heimilis. Á þessum árum höfðu konur á vinnumarkaði ekki rétt til fæðingarorlofs vegna ríkjandi hugmynda um að eiginmaðurinn ætti að vera fyrirvinna fjölskyldunnar. Litið var svo á að útivinna kvenna „kæmi niður á velferð barnanna og stöðugleika fjölskyldunnar“.⁹⁰ Það er því greinilegt að áhrifa hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar gætti enn þegar komið var fram á fimmta áratuginn og stóðu ríkjandi viðhorf og hugmyndir samfélagsins um hlutverk kvenna í vegi fyrir að þær kæmust út á vinnumarkaðinn. Litið var svo á að giftar konur ættu ekki að stunda vinnu utan heimilis. Þær áttu að vera á framfæri eiginmanna sinna, starfsvettvangur þeirra bundinn við heimilin og vinna þeirra launalaus.⁹¹

Í skrifum sínum í *Melkorku* vorið 1945 benti Rannveig á að ein meginforsenda þess að konan kæmist út af heimilinu til að skapa verðmæti með vinnu sinni og starfa í þágu samfélagsins væri „að greiða henni laun á meðan hún elur börn sín og tryggja henni frí til þess“.^{92,93} Melkorkukonur gerðu sér því fulla grein fyrir því að það voru ekki aðeins störf

⁸⁹ Rannveig Kristjánstóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5; Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þátttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 25–26, tilv. af bls. 25.

⁹⁰ Guðmundur Jónsson „Hvers kyns velferðarkerfi?“, bls. 194.

⁹¹ Beaumont, *Housewives and Citizens*, bls. 175; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 15–16.

⁹² Rannveig Kristjánstóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 5.

⁹³ Ári síðar var komið á almannatryggingarlögum þar sem samþykktur var fæðingarstyrkur upp á 80 krónur við hverja fæðingu. Þar að auki áttu konur sem unnu utan heimilis að fá 140 krónur á mánuði í þrjá mánuði. Giftar konur höfðu þó aðeins rétt á þessum bótum ef eiginmenn gátu ekki séð fyrir fjölskyldunni. Þessu ákvæði var breytt árið 1951 og fengu þá allar konur 600 krónur við hverja fæðingu óháð hjúskaparstöðu og atvinnu. Lög um fæðingarorlof sem náðu til allra kvenna á vinnumarkaði voru ekki sett fyrir en 1975. Sjá: Þóra Ágústsdóttir, „Heimavinna eða útivinna?“, bls. 32; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 264–269.

kvenna innan heimilanna sem komu í veg fyrir að þær gætu aflað tekna utan þeirra, heldur takmarkaði móðurhlutverkið að sama skapi launaða vinnu kvenna á almennum vinnumarkaði.⁹⁴ Þrátt fyrir tímasparnað með tilkomu rafknúinna heimilistækja reyndist það konum erfitt að sameina móðurhlutverk og vinnu utan heimilis. Heimilistæki voru því mikilvægur þáttur í að létta húsmæðrum heimilisstörfum og spara þeim tíma, en meira þurfti til þess að losa konur út af heimilunum og koma þeim út í atvinnulífið.

3.3. Hvernig verður konum tryggður aðgangur að tækjunum?

Eitt aðalmarkmið *Melkorku* frá upphafi var að vekja áhuga kvenna á þjóðmálum og hvetja þær til aukinnar þátttöku á opinbera sviðinu.⁹⁵ Á tímabilinu sem hér er fjallað um var sókn kvenna út á hið opinbera takmörkuð og þátttaka þeirra í samfélags- og stjórnámálum að sama skapi dræm. Það voru eiginmenn þeirra sem tóku þátt á almannasviðinu fyrir hönd fjölskyldunnar, kynntu sér þjóðfélagsmál og létu sér þau varða. Konur störfuðu innan veggja heimilanna og höfðu litla hlutdeild í stjórn landsins. Í skrifum sínum hefur Sigríður Th. Erlendsdóttir bent á að þáttökuleysi kvenna í stjórnámálum hafi valdið forystukonum Kvenréttindafélags Íslands þungum áhyggjum. Félagið hafi barist fyrir því að konur yrðu settar í örugg sæti á framboðslistum til að tryggja að málefnum þeirra yrði sinnt og að konur kæmust í valda- og áhrifastöður.⁹⁶ Allt frá því að konur fengu full borgaraleg réttindi árið 1920 lögðu kvenréttindakonur áherslu á að þær þyrftu að notfæra sér nýfenginn kosningarétt til að komast til áhrifa í samfélaginu og tryggja hagsmuni sína og heimilanna. Þrátt fyrir það áttu konur erfitt uppdráttar í stjórnámálum og voru þær lítið áberandi í valda- og áhrifastöðum á fyrstu árunum eftir stríð.⁹⁷

Aðgangur kvenna að heimilistækjum var stórt hagsmunamál fyrir konur um miðja 20. öldina og því lögðu kvennablöðin mikla áherslu á að stuðla að bættu aðgengi kvenna að tækjunum. Í augum *Melkorkukvenna* var barátta kvenna fyrir auknu aðgengi að heimilistækjum hluti af jafnréttisbaráttu þeirra. Það var réttur kvenna að fá aðgang að vélum og tækjum til jafns við karla. En hvers vegna var aðgangur íslenskra heimila að

⁹⁴ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18–19; Rannveig Kristjánstóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 1–2.

⁹⁵ Rannveig Kristjánstóttir, „Sól er á loft komin...“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 1–2.

⁹⁶ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 314–315 og Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Anna Sigurðardóttir“, bls. 36–37. Sjá einnig: Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 177; Helgi Skúli Karlsson, Ísland á 20. öld, bls. 185–187.

⁹⁷ Sjá t.d. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Til kaupenda Kvennablaðsins“, bls. 89–91; „Ávarp frá K.R.F.Í.“, bls. 4–5; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 314–315.

heimilistækjum takmarkaður á sama tíma og vélar og tæki ruddu sér til rúms á öðrum sviðum samfélagsins? Hvað olli því að starfsvettvangur kvenna var skilinn eftir útundan? Í augum greinarhöfunda *Melkorku* var ástæðan augljós og kenndu þær áhuga- og afskiptaleyzi kvenna í þjóðmálum þar um.

En hvað var það sem orsakaði deyfð kvenna í þjóðmálum? Hvers vegna nýttu þær sér ekki réttindi sín til að tryggja hagsmuni sína og heimilanna í landinu? Þær konur sem skrifuðu í *Melkorku* á árunum 1944–1955 voru flestar sammála um að of mikið álag, langir vinnudagar og lítill frítími væri helsta orsök takmarkaðrar sóknar kvenna út á vinnumarkaðinn og dræmrar þátttöku þeirra í stjórnámálum.⁹⁸ Í grein vorið 1947 greindi Nanna Ólafsdóttir frá aðstæðum íslenskra húsmæðra á eftirfarandi hátt:

flestar húsfreyjur þessa lands ... vinna öll heimilisstörfin sjálfar og annast uppeldi barnanna. Þær eru að frá morgni til kvölds og hafa lítinn eða engan tíma til að sinna sérstökum hugðarefnum. Heimilið krefst vinnu þeirra óskiptrar. Það er t.d. eftirtektarvert, svo að nefnt sé eitt atriði, að eini meðlimur fjölskyldunnar, sem sjaldan hefur tíma til að hlusta á útvarp, sér að fullum notum, er húsmóðirin.⁹⁹

Af skrifum Nönnu að dæma voru húsmæður önnum kafnar við heimilisstörfin og höfðu af þeim ástæðum ekki tíma til að kynna sér það sem fram fór utan heimilanna. En það voru ekki aðeins langir vinnudagar og mikið álag sem hafði áhrif á áhugaleyzi kvenna á þjóðmálum og pólitík. Elísabet Eiríksdóttir, formaður verkakvennafélagsins Einingar á Akureyri,¹⁰⁰ fullyrti í grein sinni í *Melkorku* að unnt væri að rekja hlédrægni kvenna á opinberum vettvangi til uppeldis þeirra. Konum sé talin trú um „að það geti ekki samrýmzt, að njóta ásta og skapa farsælt heimilislíf og hafa afskipti af þjóðmálum“.¹⁰¹ Á þessum árum miðaði uppeldi stúlkna einna helst að því að undirbúa þær undir hlutverk þeirra sem mæðra og eiginkvenna.¹⁰² Kvenréttindakonur gerðu sér grein fyrir því að þessu þyrfti að breyta til að auka áhuga og þátttöku kvenna í samfélagsmálum. Breyting á uppeldi og hugarfari kvenna var ein forsenda þess að þær gætu haslað sér völl á almanna sviðinu, starfað við hlið

⁹⁸ Sjá t.d. Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þátttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 25 og Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18.

⁹⁹ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmóðurstarfið og framtíðin“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 18.

¹⁰⁰ Elísabet Eiríksdóttir var virk í íslenskri verkalyðshreyfingu um miðja 20. öld. Hún var einn af stofnendum Kommúnistaflokks Íslands og Sósíalistaflokksins. Auk þess var hún stofnandi og formaður verkakvennafélagsins Einingar og fulltrúi í bæjarstjórn Akureyrar. Sjá: D. Á. [Dýrleif Árnadóttir] „Elísabet Eiríksdóttir bæjarfulltrúi. Sextugsafmæli“, *Melkorka* 6:3 (1950), bls. 63.

¹⁰¹ Elísabet Eiríksdóttir, „Öllum réttindum fylgja skyldur“, *Melkorka* 8:3 (1952), bls. 50.

¹⁰² Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 39.

karlmannanna og barist fyrir hagsmunum sínum, þar á meðal aðgengi að rafknúnum heimilistækjum.

Það var þó ekki aðeins uppeldi kvenna sem var ábótavant líkt og Halldóra Briem arkitekt benti á í viðtali sem birtist í *Melkorku* í nóvember 1945.¹⁰³ Þar sagði hún á að önnur forsenda þess að konur gætu sameinað störf sín innan og utan heimilis væri breytt uppeldi karla. Nauðsynlegt væri að innræta þeim „að þeir ættu engu síður en kvenfólkið að hugsa um hirðingu á sínum eigin fötum og bera ábyrgð á útliti heimilisins og uppeldi barnanna“ og væri besta lausnin að gera „slík fræði“ að skyldunámsgrein í skólum landsins.¹⁰⁴

Því er hægt að draga þá ályktun að það hafi ekki aðeins verið áhugaleysi kvenna á því sem fram fór utan heimilanna sem orsakaði þátttökuleysi þeirra á opinbera sviðinu. Þegar komið var fram á fimmta og sjötta áratuginn hafði hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar enn töluverð áhrif á það hvernig hlutverk kvenna innan samfélagsins var skilgreint og eymdi enn af þeim viðhorfum að ákveðinn eðlismunur væri á kynjunum, að karlar væru hæfari til að sinna opinbera sviðinu og konur til að sinna heimilisstörfum og uppeldi barna.¹⁰⁵ Það voru ríkjandi viðhorf og samfélagsgerð sem drógu úr sókn kvenna út á hið opinbera á fyrsta áratugnum eftir stríð og hafði húsmæðrastefnan þar töluverð áhrif. Ungum stúlkum var talin trú um að hlutverk þeirra væri fyrst og fremst bundið við heimilin. Melkorkukonur gerðu sér grein fyrir því að þessum viðhorfum þyrfti að breyta og lögðu þær því áherslu á að hvetja konur til að brjóta sér leið út af heimilunum og láta til sín taka í samfélagsmálum.

Í lok árs 1950 birtist grein í *Húsfreyjinni* þar sem greinarhöfundurinn Auður Auðuns¹⁰⁶ tekur undir viðhorf Melkorkukvenna. Taldi hún rótgróið vanmat kvenna á sjálfum sér og öðrum konum helstu ástæðu þess að þær nýttu sér ekki pólitísk réttindi sín. Því væri eitt aðalhlutverk kvenréttindabaráttunnar „að hvetja og örfa konur til beinnar þátttöku í hinu pólitíska lífi, og auka möguleika þeirra til þess að afla sér menntunar og þekkingar, sem geri þær jafnhæfar körlum til þátttöku á þeim vettvangi“¹⁰⁷

¹⁰³ Halldóra Briem var fyrsti íslenski kvenarkitektinn og var búsett í Svíþjóð öll sín fullorðinsár. Sjá: Steinunn Jóhannesdóttir, *Saga Halldóru Briem*.

¹⁰⁴ R.K. [Rannveig Kristjánsdóttir], „Konan og byggingarmálin. Rabb við frú Halldóru Briem, húsameistara“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 19.

¹⁰⁵ Sigríður Matthíasdóttir, „Menningardeilur og kvenleiki á árunum milli stríða“, bls. 451–453.

¹⁰⁶ Auður Auðuns lauk embættisprófi í lögfræði fyrst íslenskra kvenna árið 1935. Hún sat í sextán ár í stjórn Kvenréttindafélags Íslands, var alþingismaður Sjálfstæðisflokks 1959–1974 og fyrsti kvenráðherra landsins 1970–1971. Þar að auki sat hún í bæjarstjórn Reykjavíkur um árabil og var borgarstjóri fyrst íslenskra kvenna 1959–1960. Sjá: *Ártöl og áfangar*, bls. 38–39.

¹⁰⁷ Auður Auðuns, „Rætt um kvenréttindamál“, *Húsfreyjan* 1:3 (1950), bls. 12.

Í augum Melkorkukvenna var þátttaka kvenna í þjóðfélagsmálum afar mikilvæg og í raun ein forsenda þess að málefnum húsmæðra og heimila í landinu yrði sinnt. Því lögðu þær ríka áherslu á að hvetja konur til aukinnar þátttöku í umræðum sem snertu þjóðfélagsmál. Í grein sinni sagði Elísabet Eiríksdóttir konur eiga langt í land með að ná fullu jafnrétti og því verði ekki náð nema með áframhaldandi baráttu kvenna á hinu opinbera sviði. Í hennar augum var fullkomið jafnrétti mögulegt, en barátta kvenna sjálfra fyrir því væri forsenda þess að það næðist.¹⁰⁸ Það sama átti við um baráttu kvenna fyrir aðgengi að vélum og tækjum til jafns við karlmenn. Melkorkukonur sáu fyrir sér að mögulegt væri að tæknivæða heimilisstörfin, en ekki nema með opinberri baráttu kvenna fyrir auknu aðgengi að heimilistækjum.¹⁰⁹

Í grein vorið 1945 fjallaði Svafa Þórleifsdóttir um áhrifaleysi húsmæðra og sagði þar þá firru þurfa að „hverfa úr vitund allra íslenskra kvenna, að þær hafi eigi aðrar skyldur að rækja við þjóðfélagið en að vera húsfreyjur og mæður“. Í huga Svöfu höfðu konur þó ekki aðeins skyldum að gegna gagnvart þjóðfélaginu, heldur einnig börnum sínum og benti hún á að kona „sem aldrei finnur sig vera ábyrgan þjóðfélagsþegn, getur aldrei verið börnum sínum sönn móðir í því að ala hjá þeim sterka þjóðerniskennd.“¹¹⁰

Líkt og sagnfræðingurinn Cairtriona Beaumont hefur bent á gerðu breskar kvenréttindakonur þessa tíma sér grein fyrir því að til þess að komast til áhrifa í samfélaginu og hafa áhrif á málefni sem snertu fjölskyldu og heimili þyrftu konur að komast út af heimilunum.¹¹¹ Það sama átti við um íslenskar kvenréttindakonur og benti kvenréttindakonan Bríet Bjarnhéðinsdóttir til að mynda á að mikilvægt væri „að gera konum skiljanlegt, að þátttaka þeirra í öllum þjóðfélagsmálum sé jafn nauðsynleg og þátttaka þeirra í heimilisstjórn og heimilisstörfum“.¹¹² Greinarhöfundar *Melkorku* voru þessu sammála og lögðu því áherslu á að vekja konur til vitundar um stöðu sína og heimilanna í landinu og hvetja þær til aukinnar þátttöku í þjóðfélagsmálum. Í augum þeirra var sókn kvenna út á hið opinbera og aðgengi þeirra að heimilistækjum samverkandi þættir. Til þess að komast út af heimilunum var aðgangur að heimilistækjum, sem spöruðu tíma og gerðu störfin auðveldari, nauðsynlegur. En til þess að aðgangur að heimilistækjum yrði

¹⁰⁸ Elísabet Eiríksdóttir, „Öllum réttindum fylgja skyldur“, *Melkorka* 8:3 (1952), bls. 50.

¹⁰⁹ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 69; Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 7–8; Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þáttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 25.

¹¹⁰ Svafa Þórleifsdóttir, „Áhorfendur eða þáttakendur“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 26.

¹¹¹ Beaumont, *Housewives and Citizens*, bls. 42.

¹¹² [Bríet Bjarnhéðinsdóttir], „Hjónabandslöggjöfin og barnalöggjöfin“, bls. 9.

almennur þyrftu konur sjálfar að brjóta sér leið út af heimilunum, auka áhrif sín í stjórn landsins og krefjast þess að fá aðgang að tækninni til jafns við karla. Þess vegna hvöttu Melkorkukonur húsmæður til að gefa sér tíma til að fylgjast með þjóðmálum, mynda sér sjálfstæða skoðun og kjósa eftir sinni eigin sannfæringu. Þannig gætu þær tryggt hagsmuni sína og heimilanna í landinu.

3.4. Betri staða í sósíalísku þjóðfélagi?

Á tímabilinu sem hér er til skoðunar birtust greinar í *Melkorku* þar sem áhersla var lögð á að konur kynntu sér samfélagsgerð hins „nýja samfélags“ til þess að meta stöðu sína og heimilanna innan þess. Veturinn 1945 birtist í blaðinu grein þar sem Ingibjörg Þorgeirsdóttir fjallar um breytt samfélag og stöðu kvenna innan þess.¹¹³ Þar segir hún að nauðsynlegt sé fyrir alla að fylgjast með þeim þjóðfélagsbreytingum sem séu að eiga sér stað og vera undirbúnir fyrir hið nýja líf. Spáir Ingibjörg því að hinn „nýji heimur“ muni verða „heimur vélastarfs og fjölþættrar tækni, sérþekkingar og sérgreiningar á störfum manna“.¹¹⁴

Rannveig Kristjánsdóttir skrifaði einnig um nýja samfélagsgerð í *Melkorku* vorið 1944 þar sem hún bendir á að til að skilja breytta stöðu heimilanna og þá erfiðleika sem þau glími við sé nauðsynlegt að skilja þau lögmál sem gildi um aðra atvinnuvegi í landinu. Hún sagði breytt samfélag einkennast af vélaframleiðslu þar sem einkaeignarétturinn ákvarði framleiðsluna. Í hennar augum var hið nýja íslenska samfélag neylusamfélag, sem stjórnaðist alfarið af eftirspurn eftir vörum. Sagði hún lögmál hinnar frjálsu samkeppni grundvallarreglu samfélagsins og stjórnist allir atvinnuvegir af því, hvort sem um sé að ræða heimilisstörf eða aðra starfsemi. Í augum Rannveigar var hið nýja íslenska þjóðfélag kapítalískt þjóðfélag.¹¹⁵ En hvaða áhrif hafði „lögmál hinnar frjálsu samkeppni“ á konur og stöðu þeirra innan heimilanna? Hver var staða kvenna innan þessa „nýja heims“ sem Ingibjörg fjallaði um?

Í fyrrnefndri grein Rannveigar líkti hún þjóðfélaginu við flík sem sífellt væri verið að bæta og laga. Í stað þess að bæta flíkina enn einu sinni vildi hún búa til nýtt þjóðfélagssnið og lagði hún áherslu á aukna samvinnu og samnýtingu. Í greininni lagði hún

¹¹³ Ingibjörg Þorgeirsdóttir frá Höllustöðum, „Uppeldið og samfélagið“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 35–38.

¹¹⁴ Ingibjörg Þorgeirsdóttir frá Höllustöðum, „Uppeldið og samfélagið“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 35–36.

¹¹⁵ Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 3–4.

áherslu á að konur ættu að hafa val um það hvort þær störfuðu innan eða utan heimilis. Til að léttu undir með húsmæðrum taldi hún nauðsynlegt að komið yrði á fót leikskólum í þéttbýli og að húsmæðrum yrði tryggð aðstoð við matreiðslu og önnur heimilisstörf. Þar að auki vildi hún koma á fót tæknivæddum þvottahúsum í þéttbýli þar sem konum yrði tryggður aðgangur að þvottavélum sem léttu þeim störfin og spöruðu tíma. Í sveitum landsins hvatti hún húsmæður til að sameinast um stofnun þvottahúsa til að léttu þvottum af heimilinum.¹¹⁶ Líkt og fjallað verður um hér á eftir lögðu konur sífellt meiri áherslu á samnýtingu tækninnar þegar komið var fram á fimmta áratuginn og tollar og höft hindruðu innreið heimilistækja á íslensk heimili.

Í anda hinnar sósíalísku *Melkorku* fjölluðu þær konur sem skrifuðu í blaðið ítrekað um kosti sósíalisma og hins sósíalíska þjóðfélags, sem að þeirra mati miðaði að því að tryggja konum „fullt jafnrétti, fjárhagslegt frelsi, félagslegt öryggi og óteljandi þroskaleiðir“.¹¹⁷ Í skrifum ritstjórans Rannveigar birtust viðhorf hennar til stöðu kvenna í Sovétríkjunum, sem hún taldi hafa ótvíræða kosti fram yfir íslenskt þjóðfélag. Í hennar augum var staða kvenna talsvert betri í sósíalískum ríkjum á borð við Sovétríkin, þar sem allt hafi verið gert til að losa konuna við heimilisstörfin, þau hafi verið flutt út af heimilunum og tæknin samnýtt. Því séu konur í sósíalísku þjóðfélagi frjálsari og áhrifameiri en íslenskar konur.¹¹⁸ Rannveig taldi konur í sósíalískum samfélögum standa íslenskum konum frammar, þar sem þær voru komnar út á vinnumarkaðinn og farnar að skapa verðmæti með vinnu sinni utan heimilis ólíkt þeim íslensku, sem ennþá voru einangraðar inni á einkasviðinu.¹¹⁹

¹¹⁶ Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 7.

¹¹⁷ Katrín Thoroddsen, „Áróður og ofnæmi“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 11.

¹¹⁸ Rannveig Kristjánsdóttir, „Konan og nýsköpunin“, *Melkorka* 2:1 (1945), bls. 4.

¹¹⁹ Rannveig Kristjánsdóttir, „Um hvað er kosið?“, *Melkorka* 3:1 (1946), bls. 1–5.

4. Heimilistæki fyrir alla

4.1. Tolla og höft þarf að afnema

Greinarhöfundum *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* var mikið í mun að öll íslensk heimili og húsmæður þeirra hefðu greiðan aðgang að þeim heimilistækjum sem í boði voru óháð efnahag. Líkt og fram hefur komið hafði aðeins lítil hluti heimila í landinu aðgang að tækjunum á fimmta og sjötta áratugnum og er þar meðal annars um að kenna háum tollum, innflutningshöftum og skömmtum á nauðsynjavöru, sem var einkennandi fyrir stærstan hluta þess tímabils sem hér er til skoðunar. Heimilistæki voru ekki undanskilin háum sköttum og tollum. Þau voru álitin munaðarvara og því aðeins á færi hinna efnameiri að fjárfesta í tækjum til að létta húsmóðurinni störf. Þegar tollar og innflutningshöft náðu hámarki á árunum 1946–1949 var innflutningur á heimilistækjum mjög takmarkaður. Framleiðsla í íslensku verksmiðjunni Rafha annaði á sama tíma ekki eftirspurn og var því lítið framboð af tækjum á innlendum markaði. Háir tollar og innflutningshöft voru harðlega gagnrýnd af konum í blöðunum tveimur, einkum *Melkorku*, og kröfðust þær þess að tækin yrðu skilgreind sem nauðsynjavara og tollar og höft afnumin.

Í september 1949 skrifaði Nanna Ólafsdóttir grein í *Melkorku* þar sem hún fjallar meðal annars um áhrif skattlagningar, tolla og hafta á aðgengi kvenna að heimilistækjum.¹²⁰ Í greininni bendir hún sem fyrr á að húsmæður hafi of mikið að gera, erfitt sé fyrir þær að fá aðstoð við heimilisstörf og því sé aðgangur að nýttísku heimilistækjum þeim mikil nauðsyn. Bendir hún á að vélar og tæki hafi verið tekin inn í allar stéttir þjóðfélagsins, nema húsmóðurstéttina, þar sem tæki sem létti þeim störf sé álitin munaðarvara og því aðeins aðgengileg vel stæðum húsmæðrum. Í hennar augum var skattlagning ríkisstjórnarinnar bein árás á húsmóðurstéttina, sem sé eina stéttin sem þurfi að „erfiða að hætti gamla tímans“. Segir hún að um leið og húsmæður hafi séð einhverja von um að létta sér heimilisstörf með notkun tækninnar hafi ríkisstjórnin ákveðið að tækin væru munaðarvara og gert húsmæðrum „að greiða eina miljón í ríkissjóðinn – ella halda áfram púlinu eins og áður“.¹²¹

¹²⁰ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 67–69.

¹²¹ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 67.

En hvers vegna var húsmóðurstéttin eina stéttin sem var skattlögð á þessum árum? Af hverju voru heimilistæki álitin munaðarvara, en tæki sem létu öðrum stéttum samfélagsins störfín talin nauðsynjavara?

Eins og fram hefur komið höfðu konur litla hlutdeild í stjórn landsins þegar komið var fram á miðja öldina.¹²² Á sama tíma og tollar og innflutningshöft náðu hámarki á árunum 1947–1949 sat aðeins ein kona á Alþingi, Katrín Thoroddsen þingmaður Sósíalístaflokksins.¹²³ Hún var einn þeirra þingmanna sem barðist gegn skattlagningu ríkisstjórnarinnar, en varð lítið ágengt í þeirri baráttu.¹²⁴ Í raun hlutu flest frumvörp hennar, sem snertu hagsmunamál kvenna, lítinn hlómgrunn meðal annarra þingmanna og sýnir það hve erfitt uppdráttar konur og málefni þeirra áttu um miðja öldina.¹²⁵ Auk Katrínar barðist Sigfús Sigurhjártarson, sem einnig var þingmaður Sósíalista á þessum árum, fyrir afnámi innflutningshafta og tolla á heimilistækjum. Í *Melkorku* kemur fram að Sigfús hafi flutt þingsályktunartillögu um innflutning tækjanna veturinn 1947 og Alþingi í kjölfarið fallist á að leyfa innflutning þeirra eftir því sem tók væru á.¹²⁶

Áhrifaleysi kvenna í málefnum sem snertu innflutning heimilistækja var þó ekki aðeins bundið við Alþingi. Fyrstu árin eftir síðari heimsstyrjöld sat engin kona í nefndum eða ráðum sem skipulögðu innflutning og vörudreifingu heimilistækja.¹²⁷ Í *Melkorku* veltu greinarhöfundar blaðsins fyrir sér hvort að ekki væri betur staðið að innflutningsmálum, sem og öðrum málum sem snertu afkomu heimilanna, ef konur væru hafðar með í ráðum.¹²⁸ Það var þó ekki fyrr en Kvenréttindafélag Íslands tók málið í sínar hendur að fjórum konum var bætt í skömmunarnefnd árið 1949.¹²⁹

Nanna Ólafsdóttir tengdi skattlagningu ríkisstjórnarinnar á heimilistækjum við áhrifa- og afskiptaleysi kvenna í opinberum málum í grein sinni haustið 1949. Þar benti hún á að staðið hafi til að skattleggja bændur á sama hátt og húsmæður og hindra þannig aðgang þeirra að búvélum, sem létu þeim störfín og spöruðu tíma líkt og heimilistækin gerðu fyrir

¹²² Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 177.

¹²³ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 493; Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 48–49.

¹²⁴ Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 52–53; Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld“, bls. 40.

¹²⁵ Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, bls. 51 og 58.

¹²⁶ R.K. [Rannveig Kristjánsdóttir], „Þingbáttur“, *Melkorka* 4:1 (1947), bls. 25.

¹²⁷ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 293; Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 165–166.

¹²⁸ Sjá t.d. María Þorsteinsdóttir, „Konan og þjóðfélagið“, *Melkorka* 8:3 (1952), bls. 64; Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 7–8.

¹²⁹ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 293.

húsmæður. Ríkisstjórnarflokkarnir hafi hins vegar fljótlega gert sér grein fyrir að með því að skattleggja búvélar myndu þeir missa atkvæði bænda í næstu kosningum. Flokkarnir hefðu hins vegar látið sig litlu varða um atkvæði húsmæðra, enda sé hvíslað manna á milli að nóg sé „að vita hvern eiginmaðurinn kýs, þá [sé] atkvæði eiginkonunnar á réttum stað“.¹³⁰ Í greininni færir Nanna rök fyrir því að afskiptaleysi kvenna í þjóðmálum hafi verið þess valdandi að ákveðið var að skattleggja heimilistæki kvenna fremur en búvélar bænda. Bendir hún á að slæm starfsskilyrði og langir vinnudagar húsmæðra komi ekki til með að breytast þar „til konurnar lagfæra það sjálfar með þátttöku sinni í opinberum málum.“¹³¹

Það átti því við um skattlagningu heimilistækja líkt og önnur málefni sem snertu húsmæður og heimili í landinu að engra breytinga var að vænta á meðan konur reyndu ekki að hafa áhrif á kjör sín og aðstæður. Nanna lagði því áherslu á mikilvægi þess að konur kynntu sér stefnumál stjórnarflokkanna og hvernig þeir hygðust vinna að hagsmunum þeirra og heimilanna í landinu.¹³² Með aukinni þátttöku kvenna á opinbera sviðinu og afskiptum af þjóðmálum taldi Nanna að mögulegt væri að draga úr skattlagningu ríkisstjórnarinnar á heimilistækjum. Líkt og aðrir greinarhöfundar *Melkorku* gerði hún sér grein fyrir að málefnum kvenna yrði ekki sinnt af fullri alvöru nema með þátttöku kvenna í opinberri umræðu og stjórn málum. Í hennar augum var það því undir konum komið að kynna sér stefnumál stjórn málaflokkanna og kjósa í kosningum þann flokk sem best hlúði að málefnum húsmæðra og heimila. Þannig gætu konur tryggt hagsmuni sína og fengið aðgang að tækninni til jafns við karlmenn.

Soffía Ingvarsdóttir¹³³ ræddi einnig aðgang kvenna að heimilistækjum í fyrsta hefti *Húsfreyjunnar* í upphafi árs 1950.¹³⁴ Þar segir hún ljóst að gjaldeyrisskortur sé þess valdandi að húsmæður geti ekki keypt þvottavélar inn á heimili sín. Telur hún hagkvæmara að flytja til landsins efni og framleiða vélarnar á Íslandi, þar sem framleiðsla hafi gefið góða raun í raftækjaverksmiðjunni Rafha í Hafnarfirði.¹³⁵ Eins og fram hefur komið annaði

¹³⁰ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 68–69.

¹³¹ Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 68.

¹³² Nanna Ólafsdóttir, „Húsmæðurnar og miljónin og atkvæðin“, *Melkorka* 5:2 (1949), bls. 67–69.

¹³³ Soffía Ingvarsdóttir var virk í íslenskum þjóðmálum um miðja 20. öld. Hún var meðal annars bæjarfulltrúi Alþýðuflokks í Reykjavík 1938–1953 auk þess að vera varaþingmaður Reykvíkinga fyrir sama flokk 1949–1953 og taka um skeið sæti á þingi. Þar að auki sat hún í stjórn Kvenréttindafélags Íslands og Bandalags kvenna, var formaður Kvenfélags Alþýðuflokksins í Reykjavík og sat í miðstjórn flokksins 1938–1967. Sjá: Páll Línal og Torfi Jónsson, *Reykjavík. Bæjar- og borgarfulltrúatal*, bls. 262.

¹³⁴ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 25–26 og 32.

¹³⁵ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 25.

verksmiðjan ekki eftirspurn á þessum árum, meðal annars vegna skorts á gjaldeyri til kaupa á hráefnum. Rekstur verksmiðjunnar var erfiður sökum gjaldeyrishafta og stöðu innflutningsmála.¹³⁶ Tillaga Soffíu hefði því dugað skammt þar sem tollar og höft höfðu áhrif á verðlag heimilistækja hvort sem þau voru innflutt eða framleidd hér á landi. Í kvennadálki *Samvinnunnar*, tímarits Sambands íslenskra Samvinnufélaga, var einnig lítillega fjallað um gjaldeyrisskort og áhrif hans á innflutning heimilistækja. Þar segir að konur sói óþarfa gjaldeyri í kaup á heimilistækjum sem séu lítið notuð. Í sambýlishúsum í Reykjavík kaupi hver fjölskylda sína þvottavél, þær séu lítið notaðar og standi auðar vikum saman. Til þess að sporna við óþarfa eyðslu á gjaldeyri leggur greinarhöfundur *Samvinnunnar* til að þvottavélar verði nýttar á samvinnugrundvelli, þar sem fleiri en ein fjölskylda sameinist um kaup á vélum. Þannig væri unnt að tryggja öllum húsmæðrum aðgang að heimilistækjum óháð efnahag.¹³⁷

Tvær leiðir virtust því vera færar til að minnka áhrif gjaldeyrisskortsins og tryggja aðgang allra húsmæðra að heimilistækjum. Til að stilla verði á heimilistækjum í hóf og stuðla að auknum innflutningi lögðu greinarhöfundar *Melkorku* áherslu á að konur þyrftu að vera virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Með því að vekja konur til meðvitundar um hagsmuni sína og heimilanna í landinu og hvetja þær til aukinnar þátttöku í samfélags- og stjórnámálum væri unnt að hafa áhrif á skattlagningu ríkisstjórnarinnar. Samnýting tækninnar var annar kostur, en með því að nýta tæknina á samvinnugrundvelli sáu konur fyrir sér að spara mætti gjaldeyri og tryggja öllum konum aðgang að heimilistækjum.

Aðgengi húsmæðra að rafknúnum heimilistækjum virðist hafa batnað þegar komið var fram á sjötta áratuginn og slakað hafði verið á tollum og innflutningshöftum.¹³⁸ Auglýsingum á slíkum tækjum tók þá að fjölga í blöðum og bendir það til þess að framboð heimilistækja hafi aukist í verslunum landsins.¹³⁹ Með auknu framboði varð verð á tækjunum viðráðanlegra og gátu fleiri heimili því orðið sér úti um rafknúin heimilistæki til að létta heimilisstörfum af húsmóðurinni. Í auglýsingum og greinum voru heimilistækin kynnt fyrir húsmæðrum og þær hvattar til að verða sér úti um tækin. Þar bentu auglýsendur á að hagkvæmara væri að kaupa heimilistæki heldur en að halda starfsstúlku á heimilunum enda sé „hægt að eignast öll rafmagnsheimilistæki fyrir sömu peningaupphæð, sem kostar

¹³⁶ Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar*, bls. 371.

¹³⁷ „Nýtizku almenningsþvottahús“, bls. 18.

¹³⁸ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 165.

¹³⁹ *Húsfreyjan* 1950–1955; *Melkorka* 1950–1955.

að halda stúlku til aðstoðar við húsverkin“ á tveimur til þremur árum.¹⁴⁰ Það var þó ekki fyrr en 1960 að innflutningur á heimilistækjum var gefin frjáls og tók tækjunum þá að fjölga hratt á íslenskum heimilum.¹⁴¹

4.2. Lausnin fólgin í samvinnuþvottahúsum?

Sökum þess hve verðlag á heimilistækjum var hátt á árunum eftir síðari heimsstyrjöld og aðgangur kvenna að tækjunum takmarkaður leituðu greinarhöfundar *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* annarra leiða til að tryggja konum aðgang að tækjunum. Þar sem stórþvottar heimilanna voru álitnir eitt erfiðasta verk húsmæðra¹⁴² töldu greinarhöfundar blaðanna tveggja nauðsynlegt að koma upp samvinnuþvottahúsum til að tryggja aðgengi allra húsmæðra að þvottavélum og öðrum tækjum sem minnkuðu stritið sem fylgdi heimilisþvottum.¹⁴³

Eins og fram hefur komið var sú þróun þegar hafin hér á landi að störf, sem áður voru unnin inni á heimilunum, færðust í auknum mæli frá þeim til fyrirtækja sem á ódýrari hátt gátu nýtt sér tæknina.¹⁴⁴ Á árunum eftir stríð var komið á fót þvottahúsum í þéttbýli til að létta stórþvottum af íslenskum heimilum. Í þessum þvottahúsum voru stórvirkar vélasamstæður þar sem húsmæður gátu farið með þvott sinn og látið þvo hann fyrir sig. Þessi þjónusta var hins vegar of dýr fyrir efnameinni heimili og því aðeins á færi efnameiri húsmæðra að nýta sér hana til fulls og færa alla þvotta út af heimilunum.¹⁴⁵ Til að tryggja almennan aðgang að þvottavélum lögðu greinarhöfundar *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* til að stofnuð yrðu samvinnuþvottahús að erlendri fyrirmynd þar sem konur gætu greitt fyrir leigu á þvottavélum og öðrum tækjum, en myndu sjálfar setja þvottinn í vélarnar og ganga frá honum. Slík þvottahús höfðu gefið góða raun annars staðar á Vesturlöndum þar sem launuð

¹⁴⁰ „Í stúlkuvandræðum“, *Melkorka* 9:3 (1953), bls. 96, tilv.; „Gegn afborgunum!“, *Melkorka* 11:1 (1955), bls. 32; „Heimili vort og húsin með“, þýtt og endurs.“, *Húsfreyjan* 4:1 (1953), bls. 19.

¹⁴¹ Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 169–170.

¹⁴² Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 25; A.S.S. [Anna S. Snorradóttir], „Hvar á þvottahúsið að vera?“, bls. 24.

¹⁴³ Tillögur greinarhöfunda *Melkorku* og *Húsfreyjunnar* voru í samræmi við tillögur ráðamanna á sama tíma. Árið 1949 var skipuð nefnd þriggja karlmanna, sem átti að skila álitargerð um heimilistæki í landinu. Nefndin taldi nægilegt að 12 þvottavélar og sex þvottapottar yrðu á hverja 100 manns í landinu. Það var því gert ráð fyrir að einhverjar fjölskyldur gætu sameinast um notkun þvottavéla og þvottapotta. Sjá: Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga Rafmagnsveitu Reykjavíkur*, bls. 165–166.

¹⁴⁴ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 16–17.

¹⁴⁵ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 32; „Nýtizku almenningsþvottahús“, bls. 18; Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 5.

vinna kvenna utan heimilis var meiri en á Íslandi.¹⁴⁶ Í kvennadálki *Samvinnunnar* var þessum þvottahúsum lýst á eftirfarandi hátt:

Í staðinn fyrir stórvirk þvottataeki, sem vinna mikið magn í einu, er komin litla þvottavélin, sem þvær fyrir eina og eina húsmóðir. Slíkum vélum ... er komið fyrir í þvottahúsinu, og geta húsmæður komið þangað með þvottapokann sinn og sjálfar þvegið í vélunum. Fá þær leigða eina þvottavél, keypta sápu og annað, er til þarf, setja tauið inn í vélina og bíða á meðan hún þvær og þurrkar.¹⁴⁷

Þar að auki tíðkaðist það víða á Norðurlöndum að sérstök barnagæsla var á þessum þvottahúsum og þurftu konur því ekki að skilja börnin eftir heima til að sinna þvottum utan heimilis. Greinarhöfundar *Húsfreyjunnar* gerðu ráð fyrir því að með þessum nýju þvottahúsum myndu stórþvottar heimilisins einungis taka um 3–5 klukkustundir.¹⁴⁸ Með þessum þvottahúsum sáu greinarhöfundar því fram á talsverðan tímasparnað við heimilisþvottinn og vonuðust eftir því að geta tryggt aðgang allra húsmæðra að tækjunum.

Talsvert meira var fjallað um stofnun samvinnuþvottahúsa í *Húsfreyjunni* en *Melkorku* og hófst umræða um þvottahúsin strax í fyrsta hefti hennar.¹⁴⁹ Í upphafi árs 1950 hvatti Soffía Ingvarsdóttir íbúa einstakra hverfa í Reykjavík og þéttbýlisstaða um land allt til að mynda samtök sín á milli um undirbúning og stofnun slíkra þvottahúsa. Sá hún fyrir sér að heppilegast væri að byggja smærri þvottahús hér landi, sem kæmu til með að þjónusta um 100–200 fjölskyldur. Taldi hún mikilvægt að þvottahúsin væru ekki rekin í gróðaskyni, heldur á samvinnugrundvelli svo að aðgangur allra húsmæðra væri tryggður og þjónustan ekki of dýr. Segir hún slíkan rekstur hafa gengið vel erlendis og þvottahúsin borið sig vel fjárhagslega. Auk þess hafi reynslan sýnt að þessi þvottahús séu til hagsbóta fyrir allan almenning þar sem reynsla sé komin á þau og þyki allt að því þjóðarnauðsyn.¹⁵⁰

Soffía sá ekki fyrir sér að mögulegt væri að gera þvottavélar að almenningseign í landinu vegna hás verðlags og vöruskorts.¹⁵¹ Hún taldi stofnun samvinnuþvottahúsa því bestu lausnina og var stofnun þeirra eitt af mikilvægustu menningar- og framfaramálum

¹⁴⁶ Rannveig Kristjánsdóttir, „Heimilisstörf og hagfræði“, *Melkorka* 1:1 (1944), bls. 5 og 7; Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 26.

¹⁴⁷ „Nýtízku almenningsþvottahús“, bls. 18.

¹⁴⁸ H.Á.S., „Almenningsþvottahús“, *Húsfreyjan*, 1:4 (1951), bls. 18; Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 26.

¹⁴⁹ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 25–26 og 32.

¹⁵⁰ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 26 og 32.

¹⁵¹ Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 25.

heimilanna að hennar mati.¹⁵² Auk þess að léttu húsmæðrum störfin bentu greinarhöfundar *Húsfreyjunnar* á að með stofnun samvinnuþvottahúsa „yrði stórt spor stigið til aukins þrifnaðar og snyrtimennsku“ meðal landsmanna. Ýmislegu hafi verið ábótavant í hreinlætismenningu þjóðarinnar og var stofnun þvottahúsanna því álitin mikil nauðsyn.¹⁵³

Með því að koma á samvinnuþvottahúsum sáu konur ekki eingöngu fyrir sér að unnt væri að léttu stritinu af húsmæðrum og stuðla að auknu hreinlæti. Félagsslegi þátturinn þótti að sama skapi mikilvægur og bentu þær konur sem töluðu fyrir stofnun þvottahúsanna á að einangrun kvenna inni á heimilunum, hvort sem var til sveita eða í bæjum, kæmi til með að minnka í kjölfar stofnunar þeirra.¹⁵⁴ Í þvottahúsunum myndu konur hittast, mynda tengsl sín á milli og njóta félagsskaps hverrar annar. Í kvennadálki *Samvinnunnar* segir að víða um heim hafi það sýnt sig að „húsmæðrum [þyki] yfirleitt gaman að koma á slíka staði, þar sem þær hittast og rabba saman meðan þvottavélin þvær fyrir þær“.¹⁵⁵ Samvinnuþvottahúsin áttu því ekki aðeins að léttu húsmæðrum störfin og spara þeim tíma. Hlutverk þeirra var einnig að draga úr einangrun húsmæðra til sjávar og sveita, færa þvottana út af heimilunum og tryggja konum félagsskap, sem ekki var fyrir hendi innan heimilanna. Með þeim áttu heimilisstörfin að verða skemmtileg og litu greinarhöfundar blaðanna á að það yrði tilhlökkunarefni húsmæðra að koma í þvottahúsin.

Hugmyndinni um stofnun samvinnuþvottahúsa var almennt vel tekið, en mætti þó einhverri andspyrnu, til að mynda í tímaritinu *Nýtt kvennablað* í byrjun árs 1951. Þar birtust þau viðhorf að best væri fyrir húsmóðurina að sinna störfum sínum innan veggja heimilisins og því ekki ástæða fyrir hana að flækjast út af því til að sinna stórþvottum.¹⁵⁶ Í kvennadálki *Samvinnunnar* sama ár komu fram svipuð viðhorf þar sem álitid var vænlegast að konur sinntu störfum sínum heima fyrir. Besta lausnin fyrir húsmæður sjálfar væri að fá þvottavélar inn á heimilin og var ástæðan einföld, húsmæður sem hefðu aðgang að fullkomnum tækjum heima fyrir hefðu „gaman af að fást við þvottinn sinn“.¹⁵⁷

Blöð og tímarit sem fjölluðu um málefni kvenna voru þó yfirleitt fylgjandi stofnun samvinnuþvottahúsa og töluðu fyrir stofnun þeirra hér á landi. Jákvæð viðhorf í garð þvottahúsanna birtust í nokkrum greinum *Samvinnunnar* og *Nýs kvennablaðs*. Þau viðhorf

¹⁵² Soffía Ingvarsdóttir, „Samvinnuþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:1 (1950), bls. 32.

¹⁵³ H.Á.S., „Almenningsþvottahús“, *Húsfreyjan* 1:4 (1951), bls. 19.

¹⁵⁴ Sigríður Björnsdóttir, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 3:2 (1946), bls. 46.

¹⁵⁵ „Nýtízku almenningsþvottahús“, bls. 19.

¹⁵⁶ „Sameiginlegt þvottahús“, bls. 12.

¹⁵⁷ A.S.S [Anna S. Snorradóttir], „Hvar á þvottahúsið að vera?“, bls. 26.

voru þó nokkuð ríkjandi að best væri fyrir húsmæður að sinna öllum heimilisstörfum innan heimilanna. Þess gafst ekki kostur á fyrstu árunum eftir stríð sökum gjaldeyrisskorts og innflutningshafta. Því var gripið til næstbestu ráðstöfunarinnar, að samnýta tæknina.

4.3. Samvinnuþvottahús í raun

Draumur greinarhöfunda *Húsfreyjunnar* og *Melkorku* varð að veruleika í febrúar 1952 þegar Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) hóf rekstur samvinnuþvottahússins Snorralaugar við Snorrabraut í Reykjavík.¹⁵⁸ Fyrst var greint frá stofnun þvottahússins í *Húsfreyjuni* 1. mars 1952 og segir þar að þvottahús í líkingu við Snorralaug hafi farið sigurför um heiminn frá því í styrjaldarlok og séu þau bæði „þægileg og skemmtileg“. Auk þess sé það mun ódýrara fyrir húsmæður að þvo þvott sinn í Snorralaug en í öðrum þvottahúsum í Reykjavík þar sem greitt sé fyrir alla þjónustu. Með vélakosti Snorralaugar gátu 36 húsmæður þvegið allt að 4 kg af þvotti hver á einni klukkustund. Þar að auki voru vélarnar algjörlega sjálfvirkar og gátu húsmæður því brugðið sér frá í allt að hálf tíma á meðan vélin þvoði þvottinn.¹⁵⁹

Í *Tímanum* var greint frá þvottahúsinu stuttu eftir opnun þess og segir þar að vélarnar séu í stanslausri notkun og þvegnir séu allt að 150 þvottar á einum degi. Segir að þangað komi húsmæður með upp undir 12 kg af þvotti og noti allt að sex þvottavélar hver. Ásókn í þvottahúsið virðist því vera mikil fyrst eftir að það opnaði. „Almenningsþvottahús Sambands íslenskra samvinnufélaga, Snorralaug, hefir verið óspart notuð af húsmæðrum bæjarins, ógiftum stúlkum og jafnvel piparsveinum“ segir í grein *Tímans*.¹⁶⁰ Það kom því greinarhöfundu á óvart að auk kvenna nýttu allmargir karlmenn sér þjónustu þvottahússins. Það voru þó eingöngu ógiftir karlar, þar sem þvottar voru álitnir kvennaverk og sá húsmóðirin alfarið um alla þvotta heimilisins.

Í sveitum landsins, þar sem ekki var jafn auðvelt að stofna samvinnuþvottahús, hvöttu greinarhöfundar *Húsfreyjunnar* og *Melkorku* konur til að sameinast um kaup á tækjum til að létta sér störfín. Sigríður Björnsdóttir birti, eins og áður sagði, tvær greinar þar sem hún fjallaði um konur til sveita og þá erfiðleika sem þær glímdu við í kjölfar þeirra

¹⁵⁸ „Nýjung, sem vel var tekið“, bls. 15 og 23.

¹⁵⁹ „Þvottastöðin Snorralaug er alger nýjung hér á landi“, *Húsfreyjan* 3:1 (1952), bls. 29.

¹⁶⁰ „Allar þvottavélar í stöðugri notkun meðan opið er“, *Tíminn* 29. feb. 1952, bls. 1 og 7, tilv. bls. 1.

þjóðfélagsbreytinga sem settu svip sinn á 20. öldina.¹⁶¹ Til að létta striti af húsmæðrum til sveita lagði hún til að heimili tækju sig saman um kaup á tækjum til að létta heimilisstörf. Samvinnuþvottahús í dreifbýli voru ekki raunhæf lausn að mati Sigríðar. Hún sá því fyrir sér að auðveldara yrði fyrir tvö til þrjú heimili að leggja út fyrir kaupum á heimilistækjum, heldur en ef hvert heimili fjárfesti í sínum eigin. Með því að sameinast um kaupin benti hún á að húsmæður til sveita gætu komið upp sameiginlegu þvottahúsi, brauðgerðarhúsi, íshúsi og fleiru þess háttar. Eins og fram kom hér að ofan sá hún fyrir sér að samnýting tækninnar til sveita myndi ekki aðeins létta húsmæðrum störf, heldur einnig draga úr einangrun heimilanna og auðga félagslíf húsmæðra í sveitum landsins.¹⁶² Kaup á raftækjum voru þó ekki möguleg nema á þeim heimilum sem höfðu aðgang að rafmagni, en líkt og fram hefur komið var rafvæðing íslenskra sveita skammt á veg komin þegar Sigríður birti greinar sínar í *Melkorku* árin 1945 og 1946.¹⁶³

Átta árum eftir að Sigríður skrifaði grein sína í *Melkorku* birtist í *Húsfreyjunni* viðtal við Sigríði Sigurjónsdóttur, þáverandi formann Sambands borgfiskra kvenna, þar sem hún segir frá samvinnuþvottahúsi sem starfrækt var í gamalli hlöðu í Reykholtssdal á sjötta áratugnum.¹⁶⁴ Þar segir Sigríður frá reynslu sinni af þvottahúsinu á eftirfarandi hátt:

Ég ek hingað einu sinni í mánuði á jeppanum okkar með alveg fulla kerruna af óhreinum þvotti í eftirdragi. Eftir um það bil 5 klukku tíma held ég aftur heimleiðis með allan þvottinn tárhreinan og svo vel undinn, að sumt þarf ekki að breiða upp til þerris ... Mér líður vel í jeppanum á heimleiðinni, því nú liggur allur þvotturinn þvegin og þurrundinn í kerrunni og þó hef ég reynt svo ótrúlega lítið á mig þessa 5 klukku tíma í þvottahúsinu.¹⁶⁵

Auk þess að spara vinnu segir Sigríður vélarnar þvo þvottinn mun betur en bestu þvottakonur geri með gamla laginu. Allan þvott sé hægt að þvo í vélunum og vinnusparnaður fyrir húsmæður sé því mikill. Auk þess sé kostnaði heimilanna haldið í lágmarki og því sé vinnusparnaður fyrir húsmæður mikill. Þar að auki sé kostnaði heimilanna haldið í lágmarki og því tryggi þvottahúsið aðgang allra heimila í nágrenninu að tækjunum. Segir hún aðsókn í þvottahúsið vera svo mikla að húsmæður þurfi að panta

¹⁶¹ Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Fyrri grein“, *Melkorka* 2:2 (1945), bls. 5–9; Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 3:2 (1946), bls. 45–46.

¹⁶² Sigríður Björnsdóttir frá Hesti, „Sveitakonan. Síðari grein“, *Melkorka* 3:2 (1946), bls. 46.

¹⁶³ Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks“, bls. 62.

¹⁶⁴ „Almenningsþvottahús. Viðtal við Sigríði Sigurjónsdóttir“, *Húsfreyjan* 5:3 (1954), bls. 8–10.

¹⁶⁵ „Almenningsþvottahús. Viðtal við Sigríði Sigurjónsdóttir“, *Húsfreyjan* 5:3 (1954), bls. 9–10.

tíma fyrirfram þrátt fyrir að þrjár þeirra komist að á degi hverjum.¹⁶⁶ Auk þvottahússins í Reykholtsdal voru starfrækt tvö önnur samvinnuþvottahús í Borgarfirði á sjötta áratugnum, í Andakíl og í Bæjarsveit. Öll þvottahúsin nutu rafmagns frá Andakílsárvirkjun, sem fyrst var gangsett árið 1947, og tryggðu þau borgfirskum húsmæðrum aðgang að heimilistækjum á ódýran og þægilegan hátt.¹⁶⁷

¹⁶⁶ „Almenningsþvottahús. Viðtal við Sigríði Sigurjónsdóttir“, *Húsfreyjan* 5:3 (1954), bls. 9–10.

¹⁶⁷ „Almenningsþvottahús. Viðtal við Sigríði Sigurjónsdóttir“, *Húsfreyjan* 5:3 (1954), bls. 8; Helgi M. Sigurðsson, *Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi*, bls. 40.

Niðurstöður

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir viðhorfum tveggja kvennablaða, *Melkorku* og *Húsfreyjunnar*, í garð rafknúinna heimilistækja á fyrsta áratugnum eftir síðari heimsstyrjöld, 1944–1955. Talsvert var fjallað um heimilistæki á áhrif þeirra á líf og starf kvenna í blöðunum tveimur, en þó með ólíkum áherslum. *Melkorka*, sem var mál gagn sósíalískra kvenna og hafði jafnrétti og kvenfrelsi að sínu helsta markmiði, lagði áherslu á að skoða aðgang kvenna að tækninni út frá samfélagslegri stöðu þeirra. Í greinum blaðsins, sem fjölluðu um þetta málefni, fór mest fyrir þeim Rannveigu Kristjánsdóttur, Nönnu Ólafsdóttur og Svöfu Þórleifsdóttur, en allar lögðu þær áherslu á að fjalla um jafnréttismál og stöðu kvenna í greinum sínum. *Húsfreyjan* var aftur á móti fulltrúi íhaldssamari viðhorfa en *Melkorka* og var helsta stefnumál blaðsins að efla húsmæðrafræðslu í landinu. Í greinum *Húsfreyjunnar*, þar sem fjallað var um heimilistæki, lögðu greinarhöfundar áherslu á að leita úrræða til að tryggja öllum húsmæðrum aðgang að tækjunum.

Aðgengi kvenna að rafknúnum heimilistækjum var mikið hagsmunamál á fyrstu árunum eftir stríð. Í umfjöllun blaðanna tveggja er greinilegt að konur sáu fyrir sér aukin tækifæri með tilkomu tækjanna og vonuðust til þess að þau myndu gera heimilisstörfin auðveldari og fljótunnari. Greinarhöfundar blaðanna, sér í lagi *Melkorku*, töldu heimilistæki eina forsendu þess að húsmæður kæmust út af heimilunum og gætu farið að afla tekna á almennum vinnumarkaði líkt og eiginmenn þeirra. Þó gerðu þær sér grein fyrir því að meira þyrfti til. Hugmyndafræði húsmæðrastefnunnar hafði mikil áhrif á samfélagslega stöðu kvenna á fyrsta áratugnum eftir stríð og var breyting á hugarfari og viðteknum venjum því ein stærsta forsenda þess að giftar konur kæmust út af heimilunum. Þrátt fyrir að heimilistæki, sem léttu húsmæðrum störfin og spöruðu tíma, væru komin á markað var áfram litið svo á að hlutverk giftra kvenna væri fyrst og fremst að sinna heimilisstörfum og barnauppeldi.

Efnahagsástand eftirstríðsáranna hafði mikil áhrif á innflutning heimilistækja til landsins og þar með á aðgengi húsmæðra að tækjunum og umfjöllun blaðanna tveggja, *Melkorku* og *Húsfreyjunnar*. Á fyrstu árunum eftir stríð, þegar velmegun var í landinu og nýsköpun íslenskra atvinnuvega stóð sem hæst, gagnrýndu Melkorkukonur áform ríkisstjórnarinnar harðlega. Bentu þær á að konur hefðu ekki sömu hlutdeild í nýsköpuninni og aðrir atvinnuvegir á borð við sjávarútveg og landbúnað, þar sem ekkert hafi verið minnst á nýsköpun heimilisstarfa í stefnuskrá stjórnarinnar. Háir tollar og innflutningshöft

einkenndu stærstan hluta tímabilsins sem hér er til skoðunar og voru heimilistæki þar ekki undanskilin. Héldu greinarhöfundar *Melkorku* því áfram gagnrýni sinni á stjórnvöld og börðust fyrir því að tollar og innflutningsgjöld á heimilistækjum yrðu lögð niður. Þótti þeim ósanngjarn að vélar og tæki sem léttu húsmæðrum störfin væru skattlögð á meðan tæki sem þjónuðu öðrum stéttum samfélagsins væru það ekki. Þá færðu þær rök fyrir því að takmarkað aðgengi kvenna að heimilistækjum væri þess valdandi að heimilisstörf þróuðust ekki í takt við aðrar atvinnugreinar, heldur væru föst í fortíðinni og konur því látnar strita upp á gamla mátann inni á heimilunum.

Umfjöllun um áhrifaleysi kvenna í málefnum sem snertu þær sjálfar og heimilin í landinu gekk eins og rauður þráður í gegnum greinar *Melkorku* um aðgengi kvenna að heimilistækjum á tímabilinu. Melkorkukonur töldu afskipta- og áhrifaleysi kvenna í stjórn- og þjóðmálum þess valdandi að hagsmunamálum þeirra og heimilanna væri ekki sinnt af stjórnvöldum. Lögðu þær áherslu á að lítið yrði gert í málefnum sem snertu heimilin, þar með talið innflutning heimilistækja, ef konur létu ekki til sín taka á opinberum vettvangi. Til þess að tryggja almennan aðgang húsmæðra að heimilistækjum yrðu konur að berjast fyrir því sjálfar þar sem ekkert yrði gert í málefnum þeirra á meðan þær sætu aðgerðarlausar innan veggja heimilanna og létu allt yfir sig ganga.

Samfélagsleg staða kvenna hafði töluverð áhrif á aðgengi þeirra að heimilistækjum á fyrstu árunum eftir stríð og var það helsta ástæða þess að greinarhöfundar *Melkorku* hvöttu konur til að auka áhrif sín í samfélaginu. Á þessum árum var ekki lítið á störf kvenna innan veggja heimilanna sem raunverulega atvinnu og var það því ekki forgangsatriði stjórnvalda að tæknivæða þau líkt og aðra atvinnuvegi sem voru þjóðarbúinu mikilvægir. Eitt af baráttumálum *Melkorku* var að fá heimilisstörf metin til jafns við önnur störf, sem unnin voru á almennum vinnumarkaði. Með viðurkenningu heimilisstarfanna töldu Melkorkukonur að unnt væri að tryggja húsmæðrum og heimilum í landinu aðgang að rafknúnum heimilistækjum.

Eins og áður sagði voru áherslur blaðanna ólíkar og lagði *Húsfreyjan* mikla áherslu á samnýtingu tækninnar og töldu greinarhöfundar blaðsins það bestu lausnina til að tryggja öllum húsmæðrum aðgang að rafknúnum heimilistækjum óháð efnahag. Sökum hárra tolla og innflutningshafta sáu þær ekki fyrir sér að hægt væri að tryggja öllum heimilum í landinu þau heimilistæki sem þóttu nauðsynleg til að létta húsmæðrum störfin. Því lögðu þær til að stofnuð yrðu samvinnuþvottahús í bæjum landsins þar sem konum gæfist kostur á að leigja

vélar til að sinna þvottum heimilisins. Í sveitum landsins töldu þær vænlegast að nokkur heimili sameinuðust um kaup á tækjum til að minnka álag á húsmæður. Með samnýtingu tækninnar sáu þær fyrir sér að hægt væri að tryggja aðgang allra heimila að rafknúnum heimilistækjum og minnka þannig áhrif tolla og innflutningshafta. Í viðtölum og greinum, sem birtust í *Húsfreyjunn* á tímabilinu, má sjá að samvinnuþvottahús gáfu góða raun fyrstu árin sem þau voru starfrækt.

Hlutverk samvinnuþvottahúsa var þó ekki eingöngu að spara húsmæðrum tíma og léttu þeim störf. Greinarhöfundar *Húsfreyjunnar* sáu fyrir sér að þvottahúsin myndu draga úr einangrun kvenna inni á heimilunum og gegna hlutverki eins konar félagsmiðstöðva. Þær konur sem kæmu til með að nýta sér þjónustu þvottahúsanna myndu ekki aðeins auðvelda sér störf, heldur kæmust þær einnig út af heimilunum og fengju félagsskap annarra kvenna. Samvinnuþvottahúsin áttu því að gera störf kvenna hvort í senn léttari og skemmtilegri.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (*Lbs.-Hbs.*).

Anna Dröfn Ágústsdóttir, Frjálsar konur. Húsmæðrahugmyndafræðin, sósíalismiinn og Melkorka 1944–1962. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2008.

Gerður Róbertsdóttir, Nútímavæðing kvenleikans? Viðhorf kvenna til jafnréttismála 1960–1969. MA-ritgerð í sögukennslu við Háskóla Íslands 2017, <http://hdl.handle.net/1946/27121>.

Margrét Helgadóttir, Gullöld húsmæðra. Á árunum 1945–1965. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009, <http://hdl.handle.net/1946/3705>.

Óskar Baldursson, Rafmagnsheimilið. Tilurð þess og þróun 1920–1960. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2005.

Þóra Ágústsdóttir, Heimavinna eða útivinna? Sókn kvenna út á vinnumarkaðinn 1950–1970. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2002.

Þjóðminjasafn Íslands. Þjóðháttasafn (*Þjms.*).

Skrá 96: Rafvæðing II. Þegar rafmagnið kom.

Skrá 97: Rafvæðing II. Raftæki.

Prentaðar heimildir

A.S.S. [Anna S. Snorradóttir], „Hvar á þvottahúsið að vera?“, *Samvinnan* 45:2 (1951), bls. 24–26.

Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904–1964 II* (Reykjavík: Sögufélag 2004).

Allen, Ann Taylor, *Women in Twentieth-Century Europe* (Basingstoke: Palgrave 2007).

Alþingistíðindi 1944 B.2. d. 2023–2029.

- Anna Ólafsdóttir Björnsson, „Af konum og menntun á 20. öld“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir o.fl. (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands 2001), bls. 275–286.
- Arnþór Gunnarsson, „Kona í karlaveröld. Þáttur Katrínar Thoroddsen í jafnréttisbaráttu íslenskra kvenna 1920–1960“, *Sagnir* 11:1, bls. 35–41.
- Ásgeir Guðmundsson, *Saga Hafnarfjarðar 1908–1983 I* (Hafnarfjörður: Skuggsjá 1983).
- Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands 1998).
- „Ávarp frá K.R.F.Í.“, *Kvennablaðið* 1:1 (1939), bls. 4–5.
- Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð. Íslenskar konur i orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, 2. *íslenska söguþingið 30. maí–1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag 2002), bls. 64–74.
- Beaumont, Caitríona, *Housewives and Citizens. Domesticity and the Women's Movement in England, 1928–64* (Manchester: Manchester University Press 2013).
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Til kaupenda Kvennablaðsins“, *Kvennablaðið* 25:12 (1919), bls. 89–91.
- [Bríet Bjarnhéðinsdóttir], „Hjónabandslöggjöfin og barnalöggjöfin.“, *Kvennablaðið* 25:2 (1919), bls. 9–10.
- Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna* (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan 1996).
- Einar Laxnes og Pétur Hrafn Árnason, *Íslandssaga A–Ö. Frá abbadís til Örlygsstaðabardaga* (Reykjavík: Vaka-Helgafell 2015).
- Einar Olgeirsson, „Þegar Melkorka fékk málið. Frásagnir af sósíalistísku kvennablöðunum og – tímaritunum „Nýju konunni“ og „Melkorku““, *Réttur* 58:4 (1975), bls. 221–229.

- Guðmundur Hálfðanarson, „Embættismannaskólinn 1911–1961“, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911–2011*. Ritstj. Gunnar Karlsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2011), bls. 17–282.
- Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi? Ísland í spegli hinna kvenvænu velferðarkerfa á Norðurlöndum“, *Fléttur. Kynjafræði – Kortlagningar II*. Ritstj. Irma Erlingsdóttir (Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum 2004), bls. 191–214.
- Hagemann, Gro, „Housewife and Citizen? Gender Politics in the Post-War Era“, *Twentieth-Century Housewives. Meanings and Implications of Unpaid Work*. Ritstj. Hagemann og Roll-Hansen (Oslo: Unipub 2005) bls. 21–48.
- Hagemann, Gro og Roll-Hansen, Hege, „Introduction“, *Twentieth-Century Housewives. Meanings and Implications of Unpaid Work*. Ritsjt. Hagemann og Roll-Hansen (Oslo: Unipub 2005), bls. 7–19.
- Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík: Sögufélag 2010).
- Helgi M. Sigurðsson, *Vatnsaflsvirkjanir á Íslandi* (Reykjavík: Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 2002).
- Herdís Helgadóttir, „Konur í hersetnu landi. Ísland á árunum 1940–1947“, *Fléttur. Kynjafræði – Kortlagningar II*. Ritstj. Irma Erlingsdóttir (Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum 2004), bls. 149–169.
- Húsfreyjan* (Reykjavík 1950–1955).
- Kristín Ástgeirsdóttir, „Katrín Thoroddsen“, *Andvari* 132:1, bls. 11–68.
- Melkorka* (Reykjavík 1944–1956).
- „Nýjung, sem vel var tekið. Þvottastöðin Snorralaug í Reykjavík“, *Samvinnan* 46:3 (1952), bls. 15 og 23.
- „Nýtízku almenningsþvottahús“, *Samvinnan* 45:3 (1951), bls. 18–19.
- Páll Línal og Torfi Jónsson, *Reykjavík. Bæjar- og borgarfulltrúatal 1836–1986* (Reykjavík: Reykjavíkurborg 1986).

- Pétur Hrafn Árnason, „Frá herra Cable til doktor Franeks. Saga Íslands 1919–2009“, *Saga Íslands XI*. Ritstj. Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Líndal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag 2016), bls. 7–118.
- Rannveig Kristjánsdóttir, „Nýr söguþráður. Hugleiðingar um endurritun íslenskrar stjórnsmálasögu“, *Saga LII:2* (2014), bls. 7–32.
- „Sameiginlegt þvottahús“, *Nýtt kvennablað* 12:1 (1951), bls. 12.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Anna Sigurðardóttir“, *Andvari* 125:1 (2000), bls. 11–68.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands 1993).
- Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2004).
- Sigríður Matthíasdóttir, „Menningardeilur og kvenleiki á árunum milli stríða“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttir sagnfræðingi*. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir o.fl. (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands 2001), bls. 446–455 .
- Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Færar konur. Frá mæðrahyggju til nýfrjálsbyggju – hugmyndir um opinbera þátttöku kvenna 1900–2010“, *Saga LI:1* (2013), bls. 53–93.
- Sigríður Thorlacius, *Margar hlýjar hendur. Ágrip af sögu Kvenfélagasambands Íslands, héraðssambanda og félaga, sem það mynda* (Reykjavík: Kvenfélagasamband Íslands 1981).
- Sigrún Pálsdóttir, „Húsmæður og haftasamfélag. Hvað var á boðstólum í verslunum Reykjavíkur á árunum 1947–1950?“, *Sagnir* 12:1 (1991), bls. 50–57.
- Stefán Pálsson, „Af þjóðlegum orkugjöfum og óþjóðlegum. Nauðhyggja í íslenskri orkusögu“, 2. *Íslenska söguþingið 30. maí–1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag 2002), bls. 254–267.
- Steinunn Jóhannesdóttir, *Saga Halldóru Briem. Kveðja frá annarri strönd* (Akranes: Hörpuútgáfan 1994).

Sumarliði R. Ísleifsson, *Saga rafmagnsveitu Reykjavíkur 1921–1998* (Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur 2007).

Tilly, Louise A. og Scott, Joan W., *Women, Work, and Family* (London og New York: Routledge 1989).

Tíminn (Reykjavík 1952).